

Dr. Ómar H Kristmundsson

---

**LOFTSLAGSRÁÐ:  
GREINING OG ÁBENDINGAR**

Febrúar 2023

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	3
2.	Loftslagsráð í Evrópu.....	4
2.1.	Fjöldi og tegund loftslagsráða .....	4
2.2.	Loftslagsráð sem óháð vísinda- og sérfræðiráð .....	6
2.3.	Fyrirkomulag loftslagsráða sem vísinda- og sérfræðiráða .....	7
2.4.	Einkenni vel starfandi loftslagsráða: Samantekt .....	11
3.	Loftslagsráð: Hlutverk, skipulag og starfsemi .....	13
3.1.	Aðdragandi að stofnun Loftslagsráðs .....	13
3.2.	Hlutverk og verkefni .....	15
3.3.	Skipulagsleg staðsetning .....	15
3.4.	Skipan ráðsins.....	16
3.5.	Starfsemi Loftslagsráðs.....	17
4.	Niðurstöður .....	23
4.1.	Lagaumgjörð .....	23
4.2.	Hlutverk og verkefni .....	23
4.3.	Skipan ráðsins.....	24
4.4.	Samhæfing við stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda og aðkoma þings .....	25
4.5.	Sjálfstæði ráðsins.....	25
4.6.	Fjármagn og aðrar bjargir .....	26
5.	Ábendingar.....	27
	Viðauki.....	29

## 1. Inngangur

Af hálfu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins var óskað eftir greiningu á núverandi hlutverki Loftslagsráðs og ábendingum um leiðir til að efla það. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að ætlunin sé að „taka hlutverk Loftslagsráðs til endurskoðunar með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum.“ Stefnt er að því að nýta greininguna og ábendingar sem henni fylgja við þá endurskoðun. Greiningin sem hér birtist beinist að hlutverki og verkefnum Loftslagsráðs skv. gildandi lögum. Byggt er á samburði við evrópsk loftslagsráð, þá sérstaklega þeirra sem horft er til sem æskilegra fyrirmynda. Á grunni greiningarinnar eru í lok skýrslunnar settar fram ábendingar um hvernig unnt sé að bæta núverandi fyrirkomulag ráðsins.

Skoðun á hinu lögbundna fyrirkomulagi Loftslagsráðs er byggð á eftirfarandi gögnum:

1. Lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, með síðari breytingum, ásamt lögskýringargögnum.
2. Vef ráðsins. Yfirliti yfir störf þess, starfsáætlunum, fundargerðum, útgefnum álitsgerðum, matsskýrslum og samantektum.

Við lýsingu á fyrirkomulagi evrópskra loftslagsráða er notast við samantekt á regluverki þeirra ráða sem finna má í viðauka. Einnig var notast við eftirfarandi yfirlitsskýrslur:

1. Averchenkova, A. (2019). *Legislating for a Low Carbon and Climate Resilient Transition: Learning from International Experiences*. Elcano Policy Paper, 3(2019), 11.
1. Duwe, M., Evans, N. (2020). *Climate Laws in Europe: Good Practices in Net-Zero Management*. Eur. Clim. Found.
2. Elliott, C. o.fl. (2021). *Climate Advisory Bodies: Experiences and Approaches for Effective Climate Change Policy: A Discussion Paper for the International Climate Councils Network (ICCN)*. World Resources Institute (WRI).
3. Evans, N., og Duwe, M. (2021). *Climate Governance Systems in Europe: The Role of National Advisory Bodies*. Ecologic Institute, Berlín; IDDRI, París.
4. Miljand, M., og Bäckstrand, K. (2021). *Climate Policy Councils: Success Factors and Lessons Learned*. A GCF-CEEW Report. Stokkhólmi: Global Challenges Foundation.
5. Weaver, S., og Ollikainen, M. (2019). *Overview of National Climate Change Advisory Councils*. The Finnish Climate Change Panel, Helsinki.

Til viðbótar eru hlutverk og verkefni Loftslagsráðs borin saman við regluumgjörð innlendra ráðgjafarráða. Yfirlit yfir ráðin má finna í viðauka.

Undirbúningur verkefnisins hófst í desember 2022 og lauk í febrúar 2023 með framlagðri skýrslu. Umfang verksins og gagnaöflun takmarkast af hinum stutta vinnslutíma sem til umráða var. Þannig er að mestu byggt á aðgengilegu skriflegu efni.

## 2. Loftslagsráð í Evrópu

Vaxandi fjöldi ríkja hefur sett sérstök loftslagslög í þeirri viðleitni að gefa málaflokknum aukid vægi og samræma þá fjölpættu opinberu starfsemi og regluverk sem að loftslagsmálum lýtur. Í loftslagslögum ríkja er algengt að sett séu ákvæði um sérstakt miðlægt og óháð loftslagsráð (oftast kallað e. *climate council, climate commission, climate committee*) sem er falið það hlutverk að fylgjast með framgangi loftslagsáherslna stjórnvalda og benda á hvar bresti sé að finna ásamt því veita stjórnvöldum vísindalega eða aðra sérfræðilega ráðgjöf um hvaða leiðir séu líklegar til að skila árangri.

### 2.1. Fjöldi og tegund loftslagsráða

Á töflu 1 má sjá þau ríki í Evrópu þar sem starfsemi loftslagsráðs er bundin í lögum, samtals 15 ríki. Hér er miðað við þau lögbundnu loftslagsráð sem starfa eingöngu að þeim málaflokki, en ekki umhverfismálum almennt. Tekið er fram að í nokkrum tilvikum eru gögn ekki aðgengileg eða ófullnægjandi og því gæti talan verið hærrí (sjá nánar neðanmálstexta töflunnar).

Skipta má starfandi loftslagsráðum í Evrópu í þrennt eftir því eftir því hvernig þau eru skipuð.

- *Óháð vísinda- og sérfræðiráð* skipuð að meirihluta vísindamönnum eða öðrum sérfræðingum sem valdir eru í krafti þekkingar sinnar (e. *own merit, individual* eða *personal capacity*).
- *Samstarfsráð* sem eru vettvangur ólíkra geira samfélagsins þar sem sitja fulltrúar sem tilnefndir eru af einstökum hagsmunaaðilum, þar á meðal atvinnulífsins, félagasamtaka og háskólasamfélagsins.
- *Samstarfsráð hagsmunaaðila og stjórnvalda*, svo sem ráðuneyta eða stofnana sem starfa að loftslagsmálum.

Töflunni er skipt upp miðað við ofangreinda þríflokkun. Óháð vísinda- og sérfræðiráð starfa innan níu ríkja af fimmtán, samstarfsráð í tveimur af fimmtán ríkjum og meðal fimm ríkja samstarfsráð með fulltrúum stjórnvalda. Á töflunni má sjá að eitt ríki er með fleiri en eitt lögbundið ráð.

Í fimm vísinda- og sérfræðiráðum af níu sitja eingöngu vísindamenn.<sup>1</sup> Í Bretlandi eru, auk vísindamanna, meðlimir sem hafa annars konar bakgrunn, svo sem reynslumikið fólk úr atvinnulífinu sem tengst hefur málaflokknum, eða reyndir og virtir fyrrverandi stjórnálamenn sem hafa starfað fyrir hönd ríkisins innan málaflokksins á alþjóðavettvangi.<sup>2</sup> Þessir aðilar þurfa að uppfylla hæfnisskilyrði eins og aðrir í ráðinu og eru í minnihluta. Auk Bretlands er þetta fyrirkomulag algengt meðal bresku samveldisríkjanna, svo sem í Ástralíu og Nýja-Sjálandi.

Eins og sjá má á töflunni eru vísinda- og sérfræðiráðin stofnuð 2008 eða síðar. Bretar voru fyrstir til að setja slíkt ráð á fót og við stofnun þeirra sem fylgdu í kjölfarið hefur verið horft til Bretlands sem fyrirmyndar.<sup>3</sup> Þegar skoðað er fyrirkomulag loftslagsráða sem stofnuð voru eftir undirritun Parísarsamnings, alls átta, teljast fimm þeirra vera vísinda- og sérfræðiráð, eitt samstarfsráð, þ.e. hið íslenska, og tvö samstarfsráð með aðkomu stjórnvalda.

<sup>1</sup> Með orðinu *vísindamaður* er hér átt við þá sem eru í akademísku starfi innan háskólastofnana (svo sem lektorar, dósentar og prófessorar) eða starfa að rannsóknum við sjálfstæðar rannsóknastofnanir. Með orðinu *sérfræðingur* er átt við þá sem búa yfir sérþekkingu á afmörkuðum sviðum loftslagsmála og eru ekki í akademískum störfum þótt eðli viðfangsefnis þeirra sé sambærilegt.

<sup>2</sup> Sem dæmi kemur fram á vef breska loftslagsráðsins að formaður þess sé sá ráðherra sem lengst hefur setið sem umhverfisráðherra, auk þess að hafa fjölpættu reynslu úr atvinnulífinu.

<sup>3</sup> Sjá t.d. Miljand, M., og Bäckstrand, K. (2021). *Climate Policy Councils: Success Factors and Lessons Learned*. A GCF-CEEW Report. Stokkhólmi: Global Challenges Foundation.

**Tafla 1. Loftslagsráð í Evrópu 2021-2022\***

Ríki	Gildandi lög (stofnár)	Óháð vísinda- og sérfræðiráð	Þar af eingöngu akademískir starfsmenn	Samstarfs- vettvangur hagsmunaaðila	Samstarfs- vettvangur hagsmunaaðila og stjórnvalda
Austurríki	2017 (2011)				x
Bretland	2008	x			
Búlgaría	2014				x
Danmörk	2021 (2014)	x		x	
Finnland	2022(2012)	x	x		
Frakkland	2019	x	x		
Írland	2015	x			
Ísland	2019 (2016)			x	
Króatía	2019				x
Litháen	2001				x
Lúxemborg	2020	x	x		
Malta	2015				x
Spánn	2022	x	x		
Svíþjóð	2017	x			
Þýskaland	2020	x	x		

\*Samantektin er byggð á efni í töflu í viðauka III í skýrslu Evans, N., og Duwe, M. (2021), *Climate Governance Systems in Europe: The Role of National Advisory Bodies*. Ecologic Institute, Berlín; IDDRI, París. Hér eru eingöngu valin þau ráð sem starfa skv. lögum eða reglum stjórnvalda að loftslagsmálum en ekki umhverfismálum almennt (flokkar 1a, 2a, 3a og 4a í töflu höfunda). Ártölin miðast við síðustu breytingar á lögum sem höfðu áhrif á starf ráðsins. Í sviga er upphaflegt stofnár. Farið var yfir löggjöf einstakra landa og upphafleg tafla endurskoðuð í kjölfarið. Þannig var Spáni bætt við sem ríki með vísinda- og sérfræðiráð í samræmi við ný lög ríkisins sem tóku gildi eftir að skýrslan kom út 2021. Hollandi og Noregi var sleppt þar sem ekki er kveðið á um loftslagsráð í lögum eða reglum þessara ríkja eftir sem best verður séð. Þar sem áreiðanlegar upplýsingar um loftslagsráð í Grikklandi, Póllandi, Sviss, Tékklandi og Ungverjalandi voru ekki fyrir hendi eru þau undanskilin í ofangreindri töflu. Nokkur Evrópulönd til viðbótar koma ekki fram í töflunni. Þannig var óljóst skv. skýrslu Evans og Duwes hvort loftslagsráð væru starfandi í Slóvakíu og Tyrklandi. Skv. höfundum voru ekki starfandi ráð á Kýpur, í Liechtenstein, Rúmeníu og Slóveníu þegar skýrslan var skrifuð 2021.

Innan Norðurlanda eru Danmörk, Finnland og Svíþjóð með vísinda- og sérfræðiráð, þau tvö síðarnefndu eingöngu skipuð akademískum starfsmönnum. Íslenska loftslagsráðið telst vera samstarfsráð þar sem meirihluti þess er tilnefndur af aðilum utan hins opinbera. Noregur er ekki með lögbundið loftslagsráð þó að í gildi séu loftslagslög. Ekki er fyllilega ljóst, eftir aðgengilegum heimildum að dæma, hvers vegna Noregur hefur ekki ákveðið að fara sömu leið og hin ríkin á Norðurlöndum.<sup>4</sup> Þrátt fyrir að ekki sé lögfest loftslagsráð í Noregi er þar að finna fleiri en einn formlegan samráðsvettvang stjórnvalda og atvinnulífsins í málaflokknum.<sup>5</sup>

<sup>4</sup> Finna má þó dæmi um væntingar í þá átt að Norðmenn kæmu í kjölfar Dana en úr því varð ekki (<https://energiogklima.no/meningar-og-analyse/debatt/uavhengig-klimarad-skjal-skjerpe-klimapolitikken/>).

<sup>5</sup> Hér má nefna að vorið 2022 var sett á laggirnar ráð um sanngjarna aðlögun á vinnumarkaðnum þar sem bæði launþegar og vinnuveitendur sitja og loftslags- og orkumálaráðherra stýrir (*Råd for rettferdig omstilling i arbeidslivet* (<https://e24.no/det-groenne-skiftet/i/47aB2e/regjeringen-oppretter-nytt-klimaraad-skjal-faa-fortgang-i-massiv-omstilling>)).

## 2.2. Loftslagsráð sem óháð vísinda- og sérfræðiráð<sup>6</sup>

Pótt víða um heim séu enn starfandi loftslagsráð sem flokka má sem samstarfsráð hefur alþjóðleg umræða um æskilegt fyrirkomulag stjórnkerfis loftslagsmála beinst að miklu leyti að loftslagsráðum sem óháðum vísinda- og sérfræðiráðum. Þetta er í góðu í samræmi við þau sjónarmið sem hafa orðið æ meira áberandi að stjórnvöld þurfi að leggja vísindaráðgjöf eða aðra gagnreynda þekkingu til grundvallar ákvarðanatöku (e. *evidence based decision making*). Hugmyndin er þá að vísindamenn eða aðrir sérfræðingar miðli sérþekkingu sinni til stjórnvalda og veiti þeim ráð um hvernig best sé að fást við flókin samfélagsleg úrlausnarefni. Sérfræðingahópum, eins og finna má fyrirmyndir að í mörgum loftslagsráðum, sé ætlað að vera eins konar brú milli vísinda og stjórnvalda.<sup>7</sup> Með því að fylgja ráðgjöfinni geti stjórnvöld aukið líkur á að ákvarðanir skili tilætluðum árangri, auk þess sem þau auka þannig trúverðugleika sinn út á við.

Sjónarmið um nýtingu vísindabekkingar hefur ekki síst verið áberandi í umræðu um loftslagsvandann og hvernig stjórnvöld skuli bregðast við honum. Með skipun óháðra vísinda- og sérfræðiráða séu stjórnvöld að nýta bestu þekkingu sem sem völ er á við undirbúning og eftirfylgni aðgerða í málaflokknum. Þetta sé frumskilyrði, ekki síst þar sem vandinn sé fordæmislaus, bæði að umfangi og margbreytileika.<sup>8</sup>

Þar sem sérstök óháð loftslagsráð eru tiltölulega ný af nálíni eru takmarkaðar upplýsingar um hverju ráðin hafa skilað miðað við tilgang. Þó liggja fyrir nokkrar rannsóknir sem gefa vísbendingar um gagnsemi þeirra. Það er einkum breska loftslagsráðið sem rannsóknir hafa beinst að enda elsta ráðið í Evrópu sem starfar sem vísinda- og sérfræðiráð, stofnað 2008.<sup>9</sup> Í rannsóknum um starf ráðsins kemur fram að árangur þess sé vel greinanlegur. Benda megi á dæmi um hvernig ráðið hafi haft áhrif á hvernig stefna stjórnvalda er framkvæmd m.a. hvað varðar loftslagsmarkmið. Framlag þess hafi verið mikilvægt við undirbúning aðgerða stjórnvalda og umræðu um málaflokkinn á þingi. Þennan árangur megi rekja til þess að ráðið hafi skýrt lagalegt umboð, sé sjálfstætt, fái fjárveitingar í samræmi við tilgang og hafi aðgang að sérfræðingum í málaflokknum. Þingið treysti vönduðum óháðum greiningum þess. Formaður ráðsins, sem kemur fram fyrir hönd þess, sé vel þekktur í samfélaginu og

<sup>6</sup> Í alþjóðlegri umræðu er algengt að tala um vísindaráð (e. *science committee* eða *body*) eða sérfræðingaráð (e. *expert climate committees, einnig expert advisory body*). Hér eru hugtökin sameinuð.

<sup>7</sup> Talsverð fræðileg umræða hefur átt sér stað um hlutverk vísindaráðgjafar við stefnumótun stjórnvalda. Þær starfseiningar sem er ætlað að tengja saman vísindalega þekkingu og ákvarðanatöku stjórnvalda, svo sem loftslagsráð, eru kallaðar á ensku *boundary organizations* og þeir sem vinna við miðlun slíkrar þekkingar *knowledge brokers* (sjá t.d. umfjöllun hjá Reinecke, S., A. T. Hermann, A. Bauer, M. Pregernig, K. Hogl, og T. Pistorius. (2013). *Innovative Climate Policy Advice: Case Studies from Germany, the Netherlands, Switzerland and the UK* (Vol. 3000). Research Report 1-2013, Institute of Forest, Environmental, and Natural Resource Policy, Vín.

<sup>8</sup> Algengt er að nota hugtakið *illskeytt vandamál* (e. *wicked problem*) þegar verið er að lýsa loftslagsvandannum, eðli hans og leit að lausnum. Með hugtakinu er átt við að hvorki sé samkomulag né samstaða um eðli vandans eða lausnir, viðfangsefni séu samofin og lausn á einu þeirra geti haft bein eða óbein áhrif á annað, jafnvel óæskileg og/eða ófyrirséð. Þessi vandamál hafa hvorki skýrt upphaf né endi. Þótt hugtakið sé notað til að lýsa ýmsum flóknum samfélagsvandamálum endurspeglar það vel hinn óvenjuflókna loftslagsvanda og er honum því stundum lýst sem „ofur-illskeyttum“ (e. *super wicked problem*, sjá t.d. Lazarus, R. J. (2008). *Super Wicked Problems and Climate Change: Restraining the Present to Liberate the Future*. Cornell L. Rev., 94, 1153).

<sup>9</sup> Sjá t.d. Fankhauser, S., A. Averchenkova og J. Finnegan. (2018). *10 Years of the UK Climate Change Act: Policy Paper*. London School of Economics and Political Science, Grantham Research Institute on Climate Change and the Environment, Centre for Climate Change Economics and Policy. Sjá einnig Averchenkova A., S. Fankhauser og J. Finnegan. (2018). *The Role of Independent Bodies in Climate Governance: The UK's Committee on Climate Change*. Grantham Research Institute on Climate Change and the Environment.

njóti virðingar. Jafnframt er bent á að ráðið hafi reynst áhrifamikil rödd í Bretlandi í opinberri umræðu um loftslagsmál.

Í samræmi við ofangreint er algengt að vísa til breskra loftslagslaga og fyrirkomulags breska loftslagsráðsins þegar rætt er um fyrirmyndir að vísinda- og sérfræðiráðum í loftslagsmálum (e. *expert climate committees*). Nefnt er að Danmörk, Frakkland, Írland, Nýja-Sjáland, Svíþjóð og Þýskaland hafi horft til Bretlands sem æskilegrar fyrirmyndar við uppbyggingu stjórnskipulags loftslagsmála.<sup>10</sup> Alþjóðastofnanir, eins og European Environment Agency og Alþjóðabankinn, hafa mælt með að horft sé til þessara ríkja, bæði Bretlands og þeirra sem fylgt hafa í kjölfarið, þegar ný loftslagsráð eru sett á laggirnar eða hlutverk þeirra endurskoðuð.<sup>11</sup>

### 2.3. Fyrirkomulag loftslagsráða sem vísinda- og sérfræðiráða

Þau loftslagsráð sem horft er til sem æskilegra fyrirmynda í þeim alþjóðlegu skýrslum sem vísað er í hér að framan hafa eftirfarandi einkenni:

1. Þau starfa skv. sérstökum loftslagslögum, eða reglugerðum sem á þeim byggjast, og eingöngu að loftslagsmálum en ekki umhverfismálum almennt.
2. Hlutverk þeirra er að afla, greina og miðla gagnreyndum upplýsingum um stöðu og þróun loftslagsmála til aðstoðar stjórnvöldum við töku stefnumótandi ákvarðana og endurskoðun þeirra.
3. Þau tilheyra stjórnarsýslu ríkis en starfa engu að síður sjálfstætt.
4. Í þeim sitja vísindamenn og/eða aðrir sérfræðingar á lykilsviðum loftslagsmála.
5. Þau fá fjárveitingu á fjárlögum. Sérstök skrifstofa starfar með ráðinu en starfsemi hennar er misumfangsmikil.

#### **Starfa skv. sérstökum loftslagslögum**

Í lögum um loftslagsmál, eða reglum sem á þeim byggjast, er kveðið á um hlutverk og verkefni loftslagsráða. Í þeim segir hver eða hverjir skipa í ráðið, hvernig og hve lengi skipunin varir og það sé sjálfstætt í starfi. Einnig er kveðið á um að ráðið setji sér sjálft starfsreglur. Sænska loftslagsráðið byggir starfsemi sína á reglugerð sem er sett á grunni heimildar í loftslagslögum. Í norrænu lögunum er hlutverki og verkefnum lýst í örfáum ákvæðum. Í lögum enskumælandi landa er vísað í verkefni ráðanna víðar þar sem framlag ráðsins er samofið fjölbættum aðgerðum stjórnvalda sem lýst er í lögunum.

#### **Meginhlutverk**

Skipta má hlutverkum ráðanna í þrennt:<sup>12</sup> Í fyrsta lagi eiga ráðin að veita stjórnvöldum sérfræðilega ráðgjöf um hvaða leiðir séu líklegar til að skila árangri (e. *advisor*). Í öðru lagi er hlutverk þeirra að

<sup>10</sup> Sjá OECD. International Programme for Action on Climate. Box 1.1. *The 2008 Climate Change Act: A Gold Standard for Climate Action. The United Kingdom's Pioneering Climate Change Act*. Slóð: <https://www.oecd.org/climate-action/ipac/practices/the-united-kingdom-s-pioneering-climate-change-act-c08c3d7a/>. Sjá einnig skýrslu OECD um Eistland þar sem mælt er með að horft sé til loftslagsráða Bretlands og Danmerkur sem góðra dæma um vísinda- og sérfræðiráð í loftslagsmálum (e. *expert climate committees*) sem gætu stutt við stefnumál stjórnvalda í loftslagsmálum. OECD (2022), *OECD Economic Surveys: Estonia 2022*, OECD Publishing, París, <https://doi.org/10.1787/21ef46e4-en>.

<sup>11</sup> Sjá t.d. yfirlýsingu frá European Environment Agency: *The Contribution of National Advisory Bodies to Climate Policy in Europe* (<https://www.eea.europa.eu/publications/the-contribution-of-national-advisory>) og rit Alþjóðabankans *World Bank Reference Guide to Climate Change Framework Legislation* (<https://openknowledge.worldbank.org/handle/10986/34972>).

<sup>12</sup> Hér er notast við flokkun í skýrslu Evans og Duwes frá árinu 2021.

fylgjast með framgangi loftslagsáherslna stjórnvalda og benda á hvar bresti sé að finna. Með þessu er ætlunin að hafa eftirlit með stjórnvöldum og gera þau ábyrg („hlutverk varðhunds“, e. *watchdog*). Þriðja hlutverkið felst í að stuðla að opinberri umræðu um loftslagsmál, m.a. með því að leiða saman ólíka hópa úr samfélaginu (upplýsinga- og umræðuhlutverk, e. *convener*).

Sem dæmi um ráðgjafarhlutverk er danska loftslagsráðsinu ætlað að veita ráðherra óháða ráðgjöf um aðgerðir í loftslagsmálum, þar á meðal við setningu loftslagsmarkmiða. Það er síðan skilgreint í verkefnaupptalningu í hverju þessi ráðgjöf felst. Þannig skal ráðherra loftslags-, orku- og innviðamála leggja árlega fram skýrslu um stöðu og þróun loftslagsmála (d. *klimastatus og - fremskrivning*) en hluti hennar er álitserð danska loftslagsráðsins með ábendingum um aðgerðir. Í greinargerðinni skal ráðherra jafnframt tiltaka hvernig hann ætli að bregðast við ábendingum ráðsins. Breska loftslagsráðið skal veita stjórnvöldum ráðgjöf um viðmið við samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og hvernig stjórnvöldum gengur að ná settum markmiðum. Sú ráðgjöf er m.a. í formi skýrslu sem lögð er fyrir þingið árlega. Það er síðan ráðherrans að taka þátt í umræðu um skýrsluna á sama vettvangi.

Í sænska, finnska, franska og þýska lagatextanum er ekki talað um beina ráðgjöf við ráðherra heldur lögð áhersla á mats- og eftirlitshlutverk ráðsins (sjá samantekt um lög og reglur ráðanna í viðauka). Þannig segir í sænsku reglugerðinni að það sé meginhlutverk ráðsins að meta hversu vel aðgerðir stjórnvalda falla að þeim markmiðum í loftslagsmálum sem þing og ríkisstjórn hafa sett. Finnska ráðinu er ætlað að afla, setja saman og greina vísindalegar upplýsingar og ákvarða hvar nánari upplýsinga er þörf við mótun, framkvæmd og mat á áhrifum mótvægisáðgerða stjórnvalda og aðlögunaraðgerða. Vegna þessara verkefna leggur loftslagsráð fram álit á stefnuskjölum stjórnvalda.

Eftirlitshlutverk ráðanna felst í að meta valkosti á grunni gagnreyndrar þekkingar þegar móta þarf aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum eða endurskoða þær (*ex ante* mat). Jafnframt er ráðunum ætlað að fylgjast með og meta framgang aðgerða með greiningum og rannsóknarsamantektum og þá jafnframt upplýsa stjórnvöld um niðurstöður (*ex post* mat). Í þessu felst óháð gæðaeftirlit (e. *quality control*) þar sem ráðin bera saman markmið, aðgerðir og framkvæmd með sjálfstæðum greiningum. Eins og þessi afmörkun sýnir getur verið erfitt að skilja að ráðgjöf annars vegar og eftirlit hins vegar og óvíst um gagnsemi þess. Óháð því hvernig hlutverk ráðanna eru flokkuð er þeim ætlað að skila vinnu sinni í formi álitserða, leiðbeininga og tillagna sem sendar eru stjórnvöldum eða þingi með formlegum hætti um leið og efnið er birt opinberlega.

Upplýsinga- og umræðuhlutverkið felst í að miðla upplýsingum og stuðla að opinberri umræðu um loftslagsbreytingar, svo sem með undirbúningi og framkvæmd viðburða og með því að fá ólíka hagsmunaaðila að borði til að ræða aðgerðir í málaflokknum. Hjá þorra evrópskra loftslagsráða sem starfa sem vísinda- og sérfræðiráð virðist þetta ekki vera veigamikið verkefni ef tekið er mið af lögum og reglum sem um þau gilda. Þannig er hlutverkið ekki að finna í finnska, franska og þýska regluverkinu. Í því sænska er einungis getið um að ráðið taki þátt í opinberri umræðu. Ekki er hlutverkið heldur áberandi í bresku regluverki.

Danska loftslagsráðið hefur nokkra sérstöðu hvað þetta varðar. Fyrir utan að taka þátt í opinberri umræðu, eins og sænska ráðið, er kveðið á um að ráðið skuli hafa umsjón með umræðuvettvangi um loftslagsmál (d. *klimadialogforum*) sem á að vera ráðinu til stuðnings. Það er ráðið sjálft sem ákveður hverjir taka þátt í þessari umræðu en hún skal fara fram áður en ráðið leggur fram sitt árlega mat og leiðbeiningar til stjórnvalda.

Upplýsingasöfnun og upplýsingavinnsla er augljóslega ein af grunnforsendum þess að loftslagsráð geti sinnt hlutverki sínu. Í sumum loftslagslögum er að finna heimildarákvæði um að ráðið geti haft frumkvæði að öflun og vinnslu gagna þótt slíkt frumkvæði geti að einhverju leyti sjálfgefið.



Heimild af þessu tagi er að í finna dönsku loftslagslögum. Aðgengi að gagnasöfnum stofnana er hins vegar ekki jafn augljóst án sérstakrar heimildar. Í þýsku loftslagslögum er sérstaklega tiltekið að opinberar stofnanir skuli veita ráðinu upplýsingar á sérsviðum sínum. Erfitt er að finna í alþjóðlegum skýrslum eða fræðilegum úttektum að hve miklu leyti loftslagsráð vinna að gerð frumgagna eða byggi vinnu sína að miklu eða öllu leyti á gögnum sem safnað er af öðrum aðilum, svo sem háskólum eða öðrum rannsóknarstofnunum.

### **Loftslagsráð tilheyra stjórnýslu ríkis en starfa sjálfstætt og koma að stefnuferli stjórnvalda**

Skipulagsleg staða loftslagsráða í Evrópu er fremur flókin og í sumum ríkjum, eins og á Íslandi, óvenjuleg. Loftslagsráð eru að jafnaði hluti af stjórnýslu ríkja en starfa jafnframt í „armslengd“ frá ráðherra. Jafnframt þarf starf ráðanna að vera samhæft ákvörðunarferli stjórnvalda til að skila tilætluðum árangri. Algengast er að í loftslagslögum ríkja í Evrópu sé tiltekið að ráðið starfi sjálfstætt innan hinnar miðlægu stjórnýslu ríkis án þess að það sé skilgreint nánar. Almennt getur sjálfstæði endurspeglast í eftirfarandi:

- Aðferðum við skipun (svo sem að ráðið velji sjálft eftirmenn sína)
- Ráðið geti haft frumkvæði að greiningum og álitserðum
- Það setji sér sjálft reglur um starfs- og stjórnunarhætti
- Það hafi vald til að ráða starfsfólk og semja við verktaka um greiningar
- Það hafi almennt ákvörðunarvald um eigið skipulag og ráðstöfun fjármuna innan ramma fjárveitingar

Í sumum tilvikum, eins og í Bretlandi, endurspeglast sjálfstæði ráðsins í því skipulagsformi sem ráðið starfar innan.<sup>13</sup> Þrátt fyrir þetta takmarkast sjálfstæði ráðanna af því valdi ráðherra að setja fram tillögur um breytingar á ákvæðum laga um ráðin og fjárframlög þótt meðferð tillagna sé endanlega í höndum þings. Finna má dæmi um ágreining milli loftslagsráðs og ráðherra sem snúa að þessu valdi.<sup>14</sup>

### **Skipun, fjöldi og samsetning ráðs**

Þeir sem sitja í loftslagsráðum sem skilgreind eru sem vísinda- og sérfræðiráð eru valdir á grunni vísinda- og sérfræðipækkingar sinnar eða reynslu (e. *own* eða *personal capacity*). Þeir eru ekki fulltrúar stofnana, samtaka eða ráðherra. Við skoðun á loftslagsráðum erlendra ríkja má sjá að eftirfarandi aðferðir eru notaðar við skipun:

1. Ráðherra velur meðlimi á grunni hæfniskrafna sem kveðið er á um í lögum eða reglum. Við val þarf ráðherra að tryggja að í ráðinu sé að finna sérþekkingu á öllum tilgreindum sviðum. Dæmi: Bretland, Írland og Ástralía.
2. Ráðið sjálft velur kandiata sem ráðherra skipar í kjölfarið. Dæmi: Danmörk og Svíþjóð.

<sup>13</sup> Ráðið flokkast sem „non-departmental public body“ (NDPB). Sjá breska flokkunarkerfið: Cabinet Office. *Classification of Public Bodies: Guidance for Departments*. Slóð: <https://www.gov.uk/government/collections/public-bodies-information-for-departments>.

<sup>14</sup> Sjá t.d. fréttir um starfslok formanns danska loftslagsráðsins í lok árs 2018 en þá skipaði ráðherra meðlimi beint skv. lögum. Því var breytt með endurskoðun loftslagslaga 2020: TV2: *Minister om fyring af klimakritiker: - Det var en regeringsbeslutning*. 7.12.2018. Slóð: <https://nyheder.tv2.dk/politik/2018-12-07-minister-om-fyring-af-klimakritiker-det-var-en-regeringsbeslutning>. Politiken: *Klimarådets eksformand oplevede regeringens pres*. 7.12.2018. Slóð: <https://nyheder.tv2.dk/politik/2018-12-07-minister-om-fyring-af-klimakritiker-det-var-en-regeringsbeslutning>. Sjá einnig frétt um niðurskurð í fjárveitingum til ráðsins: Information: *Helt, helt uholdbart: Klimavagthund står til at miste to tredjedele af budgettet*. 17.9.2022. Slóð: <https://www.information.dk/indland/2022/09/helt-helt-uholdbart-klimavagthund-staar-miste-to-tredjedele-budgettet>.

3. Ráðherra óskar eftir tilnefningum frá háskólastofnunum þar sem stundaðar eru rannsóknir á sviði loftslagsmála. Á grundvelli þeirra skipar ráðherra meðlimi. Dæmi: Finnland.
4. Ráðherra skipar nefndarmenn á grunni tillögu frá sérstakri valnefnd. Dæmi: Nýja-Sjáland.

Eins og sjá má á *töflu 2* er algengast er að skipunartími sé fjögur til fimm ár, í einu tilviki þrjú ár (Svíþjóð). Oftast er heimilt að endurskipa sama fulltrúa einu sinni (í Finnlandi þó tvisvar). Í sumum tilvikum er einungis hluti ráðs sé skipaður á sama tíma. Þetta á sérstaklega þegar ráðið sjálft velur nýja kandiðata. Þannig er ekki heimilt að skipa fleiri en tvo meðlimi loftslagsráðs Nýja-Sjálands á sama ári. Tvær leiðir eru farnar til að velja formann og varaformann, að ráðherra skipi þá sérstaklega eða ráðið sjálft kjósi þá í leyningri kosningu (t.d. í Þýskalandi).

Eins og taflan sýnir er fjöldi meðlima í loftslagsráðunum sjö sem hér eru höfð til samanburðar afar breytilegur, eða frá fimm til fimmtán. Í fjórum þessara sjö ráða eru eingöngu vísindamenn, í tveimur eru einn til tveir sem starfa utan háskólastofnana (Bretland og Danmörk) og í einu tilviki standa nokkrir nefndarmenn utan háskólastofnana (Írland).

*Tafla 2. Stærð, samsetning og skipunartími valinna loftslagsráða í Evrópu*

Ríki	Skipunartími (ár)	Endurskipun	Fjöldi í ráði	Samsetning
Danmörk	4	Ein	9 (9)	Að mestu vísindamenn
Finnland	4	Tvær	15 (hámark 15)	Eingöngu vísindamenn
Svíþjóð	3	Ein	8 (hámark 8)	Eingöngu vísindamenn
Bretland	4-5	Ein	6 (á bilinu 5-9)	Að mestu vísindamenn
Írland	5	Ein	14 (á bilinu 9-14)	Sérfræðingar í meirihluta
Frakkland	5	Ein	13 (hámark 13)	Eingöngu vísindamenn
Þýskaland	5	Ein	5 (5)	Eingöngu vísindamenn

Upplýsingar byggðar á lögum og reglum ráðanna (sjá viðauka skýrslunnar). Í tilviki breska loftslagsráðsins er byggt á samantekt Dooks, T.D. (2020) CCC Insights Briefing 2. The Climate Change Committee. Fjöldi meðlima miðast við upplýsingar á vefsíðu ráðanna í janúar 2023. Í sviga er tilgreindur fjöldi miðað við lög og reglur.

Skv. hæfniskröfum sem tilgreindar eru í loftslagslögum skulu ráðin hafa breiða sérþekkingu sem tengd er loftslagsmálum. Hér er um að ræða greinar eins og veðurfræði, vistfræði og umhverfis- og auðlindafræði, en einnig hagfræði, atferlisfræði og aðrar skyldar greinar.

Sem dæmi um skipan í loftslagsráð velur danska ráðið sjálft einn kandiðat fyrir hvert laust sæti sem er í framhaldi af því skipaður af loftslags-, orku- og innviðaráðherra. Meðlimir ráðsins eru skipaðir til fjögurra ára í senn og má endurskipa þá einu sinni. Ráðið skal samstanda af sérfræðingum með breiða akademíska sérþekkingu á sviði loftslagsmála (d. *højt klimarelevant fagligt niveau*) sem tengist orku- og byggingamálum, samgöngu- og landbúnaðarmálum, umhverfis- og efnahagsmálum, loftslagsrannsóknnum og atferlisrannsóknnum. Þetta fyrirkomulag er skv. breytingum á loftslagslögum frá 2020. Fyrir þann tíma skipaði ráðherra loftslags-, orku- og innviðamála formann ráðsins og aðra meðlimi eftir að hafa fengið álit annarra viðeigandi ráðherra sem að loftslagsmálum koma, alls sjö manns. Í upphafi árs 2023 samanstóð danska loftslagsráðið af sex prófessorum með einhver þeirra sérsviða sem upptalin eru í lögnum og þremur sérfræðingum við rannsóknar- og alþjóðastofnanir.

Í finnska loftslagsráðinu eru, auk formanns, tveir varaformenn og að hámarki tólf aðrir fulltrúar. Formaður og varaformenn skuli starfa við háskóla eða sérstakar rannsóknarstofnanir. Ráðið skal búa yfir breiðri vísindalegri þekkingu á sviðum sem tengd eru loftslagsmálum, þar á meðal í náttúruvísindum, lögfræði og hagfræði. Umhverfisráðuneytið óskar eftir tillögum um kandiðata frá háskólum og rannsóknarstofnunum. Í upphafi árs 2023 sátu í ráðinu eingöngu akademískir starfsmenn. Ráðherra skipar formann ráðsins og aðra fulltrúa að tillögu umhverfisráðuneytisins. Meðlimir eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Unnt er að endurskipa fulltrúa að hámarki tvisvar sinnum.

## Rekstur

Aðgengilegar upplýsingar um rekstur evrópskra loftslagsráða eru af skornum skammti. Í þeim alþjóðlegu skýrslum sem hér eru notaðar eru rekstrarlegar upplýsingar rýrar. Það sama gildir almennt um upplýsingar á vefsíðum ráðanna. Áreiðanlegar upplýsingar um fjölda og samsetningu starfshóps á skrifstofu eru jafnframt takmarkaðar.

Miðað við aðgengileg gögn er rekstur ráðanna misumfangsmikill. Líklegt er að breska loftslagsráðið sé með einn umfangsmesta reksturinn. Fjárveiting til ráðsins starfsárið 2021-2022 nam 4,3 milljónum punda (um 790 m.kr. á verðlagi í janúar 2023). Þar störfuðu um 30 manns árið 2022, þar af 25 sérfræðingar í málaflokknum sem starfa m.a. við greiningar.<sup>15</sup> Danska loftslagsráðið er einnig með umfangsmikla starfsemi. Skv. vefsíðu ráðsins starfa alls 27 manns hjá ráðinu, þar af 24 sérfræðingar í málaflokknum. Miðað við vefsíðu finnska ráðsins í janúar 2023 má ætla að hjá finnska loftslagsráðinu starfi sex manns. Skv. samantekt frá 2019 nam kostnaður þá hjá finnska ráðinu 300 þús. evrum (um 46 m.kr.) og hjá því sænska einni milljón evrum (um 153 m.kr.).<sup>16</sup> Ekki er vitað hversu nákvæmar þessar tölur eru.

Almennt er framkvæmdastjóri á skrifstofum ráðanna og einn sérfræðingur eða fleiri á sviði loftslagsmála, auk fólks sem starfar að rekstrarmálum. Miðað við að meðlimir séu skipaðir á eigin forsendum, þ.e. vegna sérþekkingar sinnar en ekki tilnefndir, má ganga út frá því að þeir fái þóknunir eða laun og formaður og varaformaður (varaformenn) jafnframt aukagreiðslur. Ekki er vitað í hve miklum mæli formaður telst starfandi formaður, þ.e. launaður stjórnandi.

### 2.4. Einkenni vel starfandi loftslagsráða: Samantekt

Einkennin hér að framan eru talin lýsa fyrirkomulagi vel starfandi loftslagsráða. Þessi einkenni eru í hnotskurn eftirfarandi:<sup>17</sup>

#### 1. Þau starfa skv. loftslagslögum

Kveðið er á um loftslagsráð í sérstökum lögum eða reglugerðum sem á þeim byggjast. Í lögnum kemur fram að ráðin séu sjálfstæður hluti af stjórnskipulagi loftslagsmála. Í lögnum er hlutverkum og verkefnum ráðsins lýst, skipunaraðferð og -tíma og hæfniskröfum. Jafnframt er tiltekið að þau starfræki sérstaka skrifstofu.

#### 2. Hlutverk og verkefni eru tilgreind og vel afmörkuð

Í lögum um loftslagsmál eru hlutverk og verkefni afmörkuð. Annaðhvort er farin sú leið að lýsa hlutverkunum með almennum hætti og í kjölfarið sértækum verkefnum eða einfaldlega stök verkefni talin upp. Loftslagsráðum er almennt ætlað að meta valkosti við undirbúning stefnumarkandi aðgerða stjórnvalda og fylgjast með framgangi aðgerða með sérhæfðum greiningum og upplýsa jafnframt stjórnvöld og löggjafarþing um niðurstöður sínar með opinberum álitsgerðum. Sjaldgæft er að loftslagsráðum sé í lögum ætluð upplýsingamiðlun.

<sup>15</sup> *Committee on Climate Change. Annual Report and Accounts 1 April 2021 to 31 March 2022. Á vefsíðu ráðsins: <https://www.theccc.org.uk/wp-content/uploads/2022/07/CCC-Annual-Report-Accounts-2021-22.pdf>. Sjá einnig upplýsingar á vef ráðsins: <https://www.theccc.org.uk/>.*

<sup>16</sup> Weaver, S., Ollikainen, M. (2019). *Overview of National Climate Change Advisory Councils*. The Finnish Climate Change Panel, Helsinki.

<sup>17</sup> Sjá „Part 3: Learning from Experiences with Climate and Energy Transition Laws and Executive Frameworks“, í Averchenkova, A. (2019). *Legislating for a Low Carbon and Climate Resilient Transition: Learning from International Experiences*. Elcano Policy Paper, 3(2019), 11. Einnig kafla 7: „Evidence of Success Factors“ í Miljand, M., of K. Bäckstrand. (2021). *Climate Policy Councils: Success Factors and Lessons Learned*. A GCF-CEEW Report. Stokkhólmi: Global Challenges Foundation.

### 3. Stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda og aðkoma þings

Framlagi loftslagsráða við undirbúning og framkvæmd stefnumarkandi ákvarðana stjórnvalda í málaflokknum er lýst í lögum eða reglum og þá hvernig stjórnvöld skuli bregðast við ráðleggingum þeirra. Tilgreina þarf í hvaða málum skylt er að leita til loftslagsráðs (t.d. við undirbúning aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum), hvert framlag ráðsins skuli vera (svo sem greining, óháð mat á valkostum), hver afurð ráðsins skuli vera (álitsgerð, skýrsla), hvenær álitsgerðin skuli lögð fram (svo sem þremur mánuðum áður en stjórnvöld hyggja á ákvörðun), hvert álitsgerðin skuli berast (svo sem send forsætisráðherra og þingi) og samhliða birt opinberlega. Í samræmi við eftirlitshlutverk þings er í sumum lögum um loftslagsmál gert ráð fyrir að álitsgerð sé lögð fram á þingi samhliða kynningu ráðherra á fyrirhuguðum áætlunum í loftslagsmálum. Einnig sé þá tiltekið hvernig ráðherra hyggist bregðast við álitinu. Sérstaklega þurfi að koma fram ef hann ætlar víkja frá álitinu.

### 4. Vísinda- og sérfræðiráð

Þar sem ráðið er vísinda- og sérfræðiráð eru meðlimir valdir á grunni vísinda- og sérþekkingar sinnar. Hluti ráðanna eru eingöngu skipaður akademískum starfsmönnum. Reynt er að tryggja vísindaþekkingu á sem flestum sviðum loftslagsmála. Hér eru því ekki eingöngu sérfræðingar á sviði náttúru- og raunvísinda heldur einnig félagsvísinda. Einnig er að finna loftslagsráð þar sem, auk vísindamanna, sitja reynslumiklir sérfræðingar á afmörkuðum sviðum loftslagsmála. Ýmsar aðferðir eru notaðar við val á meðlimum en á síðustu árum hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem loftslagsráð leggur sjálf fram tillögur að eftirmönnum sínum til ráðherra sem í kjölfarið skipar þá. Einnig má finna dæmi um að valnefnd sérfræðinga sem skipuð er af ráðherra leggi tillögur að kandídötum fyrir ráðherra. Algengast er að skipunartími sé fjögur til fimm ár. Fjöldi í ráðunum er afar breytilegur, frá fimm til fimmtán, í þeim ráðum sem hér eru til samanburðar.

### 5. Sjálfstætt starfandi

Ráðin þurfa vera sjálfstæð í starfi sínu þó að þau tilheyri stjórnsýslu loftslagsmála. Utan þess að tiltaka það einfaldlega í lögum skiptir skipunaraðferð máli, svo sem þær sem tilgreindar eru hér að ofan. Einnig skiptir máli að ráðin hafi heimild til að setja sér sjálf starfsreglur, geti ákveðið eigið skipulag og haft frumkvæði að greiningum. Það sé jafnframt rekstrarlega sjálfstætt. Í því felst m.a. að geta ráðið starfsfólk og verktaka innan ramma fjárveitinga og að bókhald þess sé aðskilið frá ráðuneyti eða stofnun. Ganga má út frá því að erfitt sé að tryggja að fullu fjárhagslegt sjálfstæði þar sem byggt er á fjárveitingu á fjárlögum sem samþykkt er af þingi á grunni tillagna frá ráðherra.

### 6. Nauðsynlegar bjargir

Í þeim alþjóðlegu skýrslum sem horft er sérstaklega til er mikil áhersla lögð á að fjármagn sé í samræmi við þau verkefni sem ráðunum eru ætluð skv. lögum. Takmarkaðar upplýsingar eru aðgengilegar um rekstur evrópskra loftslagsráða en vísendingar eru um að verulegur munur sé á fjárframlögum til einstakra loftslagsráða, sem augljóslega leiðir til misumfangsmikillar starfsemi. Fleiri þættir en stærð ríkja virðist hafa áhrif á upphæð fjárframlaga, t.d. hve lengi ráðið hefur starfað og þá jafnframt haft möguleika á að sanna gildi sitt. Einnig má gera ráð fyrir að sannfæring ráðamanna um mikilvægi framlags loftslagsráðs við mótun og stefnu stjórnvalda hafi þar áhrif.

Þar sem verkefni ráðanna markast af fjárframlagi er rekstur þeirra misumfangsmikil, svo og samsetning starfsmannahópsins. Við fjölmennustu skrifstofurnar starfa um 30 manns þar sem flestir teljast sérfræðingar á sviði málaflokksins. Utan þeirra sem koma að rekstrarmálum má einnig finna starfsmenn í upplýsingamálum, svo sem við rekstur vefsíðu, undirbúning funda, almannatengsl o.s.frv.

### 3. Loftslagsráð: Hlutverk, skipulag og starfsemi

#### 3.1. Aðdragandi að stofnun Loftslagsráðs

Árið 2012 voru lög um loftslagsmál samþykkt (nr. 70/2012). Þörf var talin á heildarlöggjöf um loftslagsmál til að gefa málaflokknum aukið vægi og skapa honum sérstöðu.<sup>18</sup> Jafnframt var tekið skref í þá átt að sameina undir einum hatti þær reglur sem hafa að markmiði að draga úr loftslagsvandinum á Íslandi og stuðla að aðlögun samfélagsins að því sem af honum leiðir.

Í lögum var ekki gert ráð fyrir sérstöku loftslagsráði. Það var síðan með samþykkt þingsályktunar nr. 46/145 vorið 2016 sem ríkisstjórninni var falið að setja á fót loftslagsráð sem hefði það meginhlutverk „að gera ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.“

Skv. þingsályktuninni voru ráðinu ætluð eftirtalin verkefni:<sup>19</sup>

1. *Að fylgjast með þróun loftslagsmála og beina að eigin frumkvæði tilmælum og ráðleggingum um markmið og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til stjórnvalda og annarra aðila, svo sem opinberra stofnana, eftir því sem tilefni þykir til.*
2. *Að fylgjast með eftirfylgni við löggjöf um losun gróðurhúsalofttegunda.*
3. *Að veita ráðgjöf um rannsóknarþörf og viðbrögð á þeim sviðum sem mestu varða fyrir það verkefni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, þar á meðal um mannvirkjagerð, skipulag byggðar, samgöngur, atvinnuhætti og ástand og þróun lífríkis.*
4. *Að mynda og rækja alþjóðatengsl til framdráttar viðfangsefnum ráðsins.*
5. *Að miðla fræðslu og veita einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum aðstoð við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og veita ráðgjöf um viðbrögð við áhrifum loftslagsbreytinga.*
6. *Að birta árlega á opinberum vettvangi greinargerð um störf ráðsins, upplýsingar um magn, uppruna og þróun útblásturs gróðurhúsalofttegunda og stuðla að vitund almennings um loftslagsmál með fræðslu og miðlun.*

Í Loftslagsráði skyldu eiga sæti, skv. tilnefningu, fulltrúar tiltekinna stofnana og samtaka, ásamt fulltrúum háskóla, en ráðherra skipi formann. Á grunni þingsályktunarinnar var skipað í ráðið vorið 2018.<sup>20</sup> Í því voru fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, Neytendasamtakanna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Til viðbótar tilnefndu umhverfisverndarsamtök og háskólar fulltrúa. Í fréttatilkynningu segir að ráðið muni „hafa náið samband við ólíka haghafa, s.s. fulltrúa atvinnulífsins, sveitarfélaga, vísindasamfélagsins, frjálsra félagasamtaka og annarra.“ Þá verði „áhersla lögð á að Loftslagsráð hafi samráð við nýstofnað ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.“ Að lokum segir í tilkynningunni að umhverfis- og auðlindaráðuneytið muni tryggja samráð við þær stofnanir sínar sem að loftslagsmálum koma.

Vorið 2019 lagði umhverfis- og auðlindaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, er sneri að styrkingu stjórnýslu og umgjörð hennar. Frumvarpið varð að lögum í júní 2019 (nr. 86/2019). Í athugasemd með frumvarpinu segir að lagt sé til að Loftslagsráð verði lögfest til að gefa hlutverki þess og starfi aukið vægi. Í lögum verði tekið fram að ráðinu sé

<sup>18</sup> Greinargerð með frumvarpi til laga um loftslagsmál. Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012. Þingskjal 1189 — 751. mál. Vefslóð: <https://www.althingi.is/altext/140/s/1189.html>.

<sup>19</sup> Þingsályktun um stofnun loftslagsráðs. Nr. 46/145. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/145/s/1487.html>.

<sup>20</sup> Frétt á vef Stjórnarráðsins 23. apríl 2018. Vefslóð: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/04/23/Halldor-Thorgeirsson-formadur-Loftslagsrads/>.

ætlað að vera sjálfstætt og óhlutdrægt í störfum sínum. Það muni „gegna mikilvægu hlutverki sem sjálfstæð og óháð eining sem veitir stjórnvöldum stuðning og aðhald í því mikla starfi sem er fyrir höndum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.“<sup>21</sup> Verkefni ráðsins skv. frumvarpinu voru þessi:

1. *Veita ráðgjöf um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir til að auka kolefnisbindingu.*
2. *Veita ráðgjöf um aðlögun að loftslagsbreytingum.*
3. *Rýna á undirbúningsstigi áætlanir stjórnvalda sem snerta loftslagsmál.*
4. *Miðla fræðslu og upplýsingum um loftslagsmál til almennings, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.*
5. *Veita ráðgjöf um vöktun og rannsóknir sem tengjast loftslagsbreytingum.*
6. *Vinna að öðrum verkefnum sem ráðherra felur ráðinu hverju sinni.*

Í meðförum þingsins voru gerðar breytingar á tveimur verkefnum. Í fjórða liðnum kom í stað „miðla fræðslu og upplýsingum“ orðalagið „hafa yfirsýn yfir miðlun fræðslu og upplýsinga“. Í nefndarálitinu segir að þar sem ýmsar stofnanir, t.d. Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands, gegni nú þegar fræðslu- og upplýsingahlutverki á mörgum sviðum loftslagsmála sé „brýnt að gæta að samhæfingu á þessu sviði sem og að koma í veg fyrir tvíverknað“.<sup>22</sup> Nefndin taldi þó rétt að ráðið hefði yfirsýn yfir þessa miðlun. Fimmta liðnum var þannig breytt að í stað þess að ráðið veiti „ráðgjöf um vöktun og rannsóknir sem tengjast loftslagsbreytingum“ komi „rýna tillögur sem berast frá fagstofnunum um vöktun og rannsóknir sem tengjast loftslagsbreytingum“. Bent var á að það væri réttara að „stofnanir bæru ábyrgð á vöktun og gerðu tillögur að vöktun og rannsóknum“ á loftslagsbreytingum. Loftslagsráði væri hins vegar falið að rýna þessar tillögur. Í lögnum er gert ráð fyrir að ráðherra kveði í reglugerð nánar á um skipan, hlutverk og störf Loftslagsráðs.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki sé stefnt að því að kveða á um skipan ráðsins í lögnum að öðru leyti en því að tiltekið sé að „fulltrúar atvinnulífsins, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og umhverfisverndarsamtaka“ skuli eiga þar sæti. Bent er á að það sé nauðsynlegt að „halda ákveðnu svigrúmi við skipun í ráðið en þó þannig að tryggt sé með lögum að í ráðinu eigi sæti fulltrúar ofangreindra aðila. Ráðherra hafi síðan svigrúm til að skipa fleiri í ráðið eftir því sem talin er þörf á, á hverjum tíma. Einnig segir í athugasemdum með frumvarpinu.<sup>23</sup>

*Með þessu móti má tryggja með lögum setu ákveðinna fulltrúa í ráðinu sem fyrrséð er að eigi þar alltaf sæti en veitt er svigrúm varðandi skipun annarra fulltrúa í ráðið sem fari þá eftir þörfum á hverjum tíma. Ráðherra er því veitt svigrúm til að kveða á um í reglugerð hvort og þá hvaða aðra aðila sé þörf á að skipa í ráðið. Kveðið verður nánar á um skipan ráðsins og önnur atriði er varða starfsemi þess, í reglugerð sem ráðherra mun setja verði frumvarp þetta samþykkt á Alþingi, sbr. 5. mgr. a-liðar 2. gr. frumvarpsins.*

<sup>21</sup> Greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (styrking á stjórnvöldum og umgjörð). Þingskjal 1200 — 758. mál. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/149/s/1200.html>.

<sup>22</sup> Nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (styrking á stjórnvöldum og umgjörð). Þingskjal 1728 — 758. mál. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/149/s/1728.html>. Breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (styrking á stjórnvöldum og umgjörð). Þingskjal 1729 — 758. mál. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/149/s/1729.html>.

<sup>23</sup> Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (styrking á stjórnvöldum og umgjörð). Þingskjal 1200 — 758. Mál. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/149/s/1200.html>.

### 3.2. Hlutverk og verkefni<sup>24</sup>

Í 3. tl. 4. gr. gildandi laga um loftslagsmál nr. 70/2012 með síðari breytingum segir að Loftslagsráð veiti stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum og sé sjálfstætt og óháð í störfum sínum. Í 5. gr. b. sömu laga segir að „starfrækja skal loftslagsráð sem hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum.“ Það skuli gæta óhlutdrægni og vera sjálfstætt í störfum sínum. Verkefni Loftslagsráðs skv. sömu grein er að:

- a. veita ráðgjöf um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir til að auka kolefnisbindingu,
- b. veita ráðgjöf um aðlögun að loftslagsbreytingum,
- c. rýna á undirbúningsstigi áætlanir stjórnvalda sem snerta loftslagsmál,
- d. hafa yfirsýn yfir miðlun fræðslu og upplýsinga um loftslagsmál til almennings, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga,
- e. rýna tillögur sem berast frá fagstofnunum um vöktun og rannsóknir sem tengjast loftslagsbreytingum,
- f. vinna að öðrum verkefnum sem ráðherra felur ráðinu hverju sinni.

Með hliðsjón af samanburði við lögbundin verkefni tíu annarra innlendra ráðgjafarráða sem hér eru til samanburðar má sjá að flest ofangreind verkefni eru fremur víðtæk og vísa ekki til tiltekinna aðgerða.<sup>25</sup> Þó má líta á verkefni um að rýna á undirbúningsstigi áætlanir stjórnvalda og tillögur sem berast frá fagstofnunum sem sértækt verkefni. Til samanburðar er helmingur ráðgjafarráðanna með sértæk verkefni. Dæmi er byggðamálaráð sem gerir tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaáætlun og fimm ára aðgerðaáætlun. Þau tímabundnu verkefni sem ráðgjafarráðin hafa með höndum eru oftast einnig sértæk. Þannig er hlutverk fjármálaráðs skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 að leggja mat á hvort fjármálastefna og fjármálaáætlun fylgi þeim grunnildum sem talin eru upp í lögnum. Ráðið skal leggja fram álitserð ekki síðar en tveimur vikum eftir að tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu eða fjármálaáætlun hefur verið lögð fram á Alþingi. Að ráð skili skilgreindri afurð, svo sem álitserð, felur í sér skýra afmörkun á verkefni sem auðveldar mat á frammistöðu þess. Hér að ofan er getið álitserðar fjármálaráðs. Annað dæmi er það verkefni íslenskrar málnefndar að semja og gefa út ritreglur.

### 3.3. Skipulagsleg staðsetning

Eins og segir í gildandi lögum er Loftslagsráð sjálfstætt og óháð í störfum sínum. Jafnframt er ráðið hluti af stjórnslu ríkisins en tekur ekki stjórnsluákvæðanir. Hún telst því ekki sjálfstæð

<sup>24</sup> Við greiningu á skipulagsheildum (e. *organizations*) vísar hlutverk (e. *role*) til tilgangs þeirra og ábyrgðar en verkefni (e. *task*) felur í sér lýsingu á því hvernig hlutverki er sinnt (Sjá t.d. Child, J. (2015). *Organization: Contemporary Principles and Practice*. John Wiley & Sons). Fyrri hugtakið vísar þannig til „hvað“ gert er en verkefni til „hvernig“. Hlutverk er almenn lýsing á tilgangi en verkefni lýsir aftur á móti fremur afmörkuðu viðfangsefni. Verkefni felur oft í sér tilgreinda afurð (svo sem skýrslu, álitserð eða tillögur).

<sup>25</sup> Þau tíu ráðgjafarráð sem hér eru til samanburðar eru lögbundnar fastanefndir sem er ætlað að aðstoða ráðherra við undirbúning eða framkvæmd stefnumótandi ákvarðana. Þau taka ekki stjórnsluákvæðanir. Lista yfir ráðin og verkefni þeirra er að finna í viðauka. Greiningarrámminn sem hér er notaður beinist að þremur spurningum: a) Eru verkefnin víðtæk eða sértæk, þ.e. eru þau mörg og óskilgreind eða fá og afmörkuð? b) Eru verkefnin ótímabundin eða tímabundin? 3) Er afurð verkefnis tilgreind, svo sem álitserð, skýrsla eða önnur skrifleg afurð? Svör við þessum spurningum lýsa hversu vel hið lögbundna verkefni er afmarkað, sem aftur getur haft áhrif á hvernig verkefnið er unnið. Ef verkefni eru almenn og mörg, ótímabundin og án skilgreindrar afurðar getur verið erfiðleikum bundið að framkvæma þau og forgangsraða. Það getur einnig skapað erfiðleika við að meta hversu vel verkefnið er unnið.

stjórnsýslunefnd sem skipulagslega fellur utan hinnar hefðbundnu ráðherrastjórnsýslu.<sup>26</sup> Engu að síður má gera ráð fyrir að með sjálfstæði í starfi sé átt við að ráðherra geti ekki gefið ráðinu fyrirhæli varðandi faglegt starf þess þótt því sé ætlað ráðgjafarhlutverk gagnvart ráðherra. Ekki verður þannig séð að það samræmist sjálfstæði ráðsins að ráðherra geti falið því verkefni eins og einnig er tilgreint í lögnum. Þegar skoðuð eru þau ráðgjafarráð í íslenski stjórnsýslu sem hér eru til samanburðar (sjá viðauka) sést að einungis eitt ráð er sjálfstætt í störfum sínum og það er fjármálaráð.

### 3.4. Skipan ráðsins

Um skipan ráðsins segir í 5. gr. loftslagslaga að það skuli tryggt að í ráðinu eigi sæti „fulltrúar atvinnulífsins, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og umhverfisverndarsamtaka auk annarra fulltrúa sem nauðsynlegt er talið að eigi sæti í ráðinu á hverjum tíma. Ráðherra skipar formann og varaformann loftslagsráðs.“ Ráðið skuli skipað til fjögurra ára í senn. Ekki er kveðið á um takmarkanir á endurskipun né hæfniskröfur þeirra sem sitja í ráðinu. Í lok greinarinnar kemur fram að ráðherra kveði nánar á um skipan, hlutverk og störf loftslagsráðs í reglugerð. Í janúar 2023 hafði sú reglugerð ekki verið sett.

Nýtt loftslagsráð, fimmtán manna, skipað til fjögurra ára, tók til starfa í september 2019. Í samræmi við heimild ráðherra til að skipa fulltrúa annarra en tekið er fram í lögnum, skipaði hann fulltrúa ungs fólks sem undanfarið hefur m.a. beitt sér í loftslagsmálum. Frá eldra ráði bættust einnig við fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Viðskiptaráði Íslands. Fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga var fjölgað í tvo. Utan formanns og varaformanns og fulltrúa ungs fólks eru eftirfarandi aðilar með fulltrúa í ráðinu:

1. Samtök atvinnulífsins
2. Viðskiptaráð
3. Alþýðusamband Íslands
4. Bændasamtök Íslands
5. Fulltrúar háskólasamfélagsins, tveir fulltrúar
6. Samband íslenskra sveitarfélaga, tveir fulltrúar
7. Fulltrúar umhverfissamtaka, tveir fulltrúar
8. Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni
9. Neytendasamtökin

Við lauslega skoðun á upplýsingum um bakgrunn þeirra sem sitja í loftslagsráði í byrjun árs 2023, sem finna má á heimasíðu ráðsins, kemur fram að þar er að finna fólk með fjölþætta hagnýta og akademíska menntun og reynslu á sviðum tengdum loftslagsmálum. Miðað við aðalfulltrúa hefur meirihluti meðlima annaðhvort starfað við vísindarannsóknir eða hagnýt verkefni á sviði loftslagsmála. Formaður er sérfræðingur með áratugareynslu af stefnumörkun og alþjóðasamstarfi í loftslagsmálum, varaformaður er prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, auk þess að sitja í vísindanefnd um loftslagsmál. Tveir aðrir prófessorar sitja í ráðinu, prófessor í vistfræði og prófessor í matvælafræði, sem fulltrúar háskólasamfélagsins. Í hópnum má finna fólk sem hefur langa reynslu af hagnýtum verkefnum tengdum viðfangsefnum ráðsins.

<sup>26</sup> Á Íslandi er svokölluð ráðherrastjórnsýsla sem felur í sér að ráðherra er æðsti yfirmaður þeirra málaflokka sem undir hann heyra en ekki ríkisstjórnin sameiginlega. Ráðherra hefur stjórnunarlegt og rekstrarlegt forræði yfir þeirri starfsemi sem undir hann heyra nema annað sé tiltekið í lögum.



### 3.5. Starfsemi Loftslagsráðs<sup>27</sup>

#### **Starfsreglur ráðsins**

Í gildi eru starfsreglur sem samþykktar voru 10. desember 2020.<sup>28</sup> Þeim er ætlað skv. 1. gr. að „setja umgjörð og viðmið um starfsemi Loftslagsráðs, að stuðla að trausti og trúnaði í samskiptum og við meðferð upplýsinga, bæði innan ráðsins og gagnvart utanaðkomandi aðilum, sem og að stuðla að gagnsæi í starfsemi ráðsins.“ Fyrir utan að draga saman efni 5. gr. b. laga um Loftslagsmál sem lýst er hér að ofan kemur fram í 2. gr. reglna ráðsins að það geti ákveðið að taka upp mál að eigin frumkvæði, enda sé það í samræmi við lögbundið hlutverk þess.

Ráðið skal skv. f-lið 5. gr. b. í ofangreindum lögum vinna að öðrum verkefnum sem ráðherra felur því hverju sinni. Þessi liður samræmist illa því sem fram kemur í sömu grein að það sé sjálfstætt í störfum sínum, eins og áður hefur komið fram. Af þeim ástæðum er getið um í 2. gr. starfsreglnanna, þ.e. að berist beiðni frá ráðherra skv. ofangreindum f-lið, skuli formaður leggja slíka beiðni fyrir ráðið til kynningar. Jafnframt segir: „Telji Loftslagsráð að einhver atriði hamli eða komi í veg fyrir að það geti unnið að verkefninu skal samþykkt ráðsins þar að lútandi kynnt ráðherra.“ Ekki er vitað hvort reynt hefur á þetta ákvæði.

Í 9. gr. reglnanna kemur fram að fulltrúar í Loftslagsráði skuli vera „óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir hafa fagleg samskipti við og eru ekki bundnir af fyrirmælum sem tilnefningaraðilar kunna að gefa þeim heldur hafa að leiðarljósi í störfum sínum lögbundið hlutverk ráðsins.“ Jafnframt segir: „telji fulltrúi í Loftslagsráði að mál, sem til umfjöllunar er í ráðinu, varði einstaklingsbundna og sérstaka hagsmuni hans, skal hann upplýsa ráðið um það við fyrsta tækifæri.“ Í 4. gr. reglnanna segir m.a. að leitast skuli við að ná samstöðu um niðurstöður Loftslagsráðs og ríkja skuli trúnaður um drög að niðurstöðu ráðsins meðan samstöðu er leitað en komi upp ágreiningur um afgreiðslu mála ráði afl atkvæða úrslitum. Ekki er vitað að til atkvæðagreiðslu hafi komið.

#### **Viðfangsefni og áherslur**

Skv. upplýsingum á vefsíðu ráðsins sinnir Loftslagsráð hlutverki sínu eins og því er lýst í kaflanum hér á undan með eftirfarandi hætti:<sup>29</sup>

- *Rýnir áætlanir stjórnvalda sem snerta loftslagsmál.*
- *Stuðlar að upplýstri umræðu um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.*
- *Veitir ráðgjöf um aðlögun að loftslagsbreytingum.*
- *Stendur fyrir fræðslu og miðlun upplýsinga, t.d. með skipulagningu eða þátttöku í málstofum og öðrum viðburðum um loftslagstengd málefni.*

Um áherslur í starfi segir m.a.:

*Loftslagsráð er mikilvægur vettvangur fyrir hagaðila til að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri við stjórnvöld. Ráðið er einnig samræðuvettvangur þar sem fulltrúar ólíkra sjónarmiða leita samstöðu um grundvallaratriði og sameiginlega hagsmuni. . . . Ráðið leggur áherslu á að tengja saman reynsluheima, vera hvati að*

<sup>27</sup> Efni kaflans er að mestu byggt á upplýsingum á vef ráðsins, þar á meðal fundargerðum, ársskýrslum og starfsáætlunum, álitum og greinargerðum ráðsins. Upplýsingar um fjárframlög til ráðsins koma frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

<sup>28</sup> Reglurnar er að finna á vefsíðu ráðsins: <https://www.loftslagsrad.is/>.

<sup>29</sup> Á vefsíðu Loftslagsráðs: *Starfsáætlun og ársskýrslur*. Slóð: <https://loftslagsrad.is/um-radid/starfsaaetlun/>.

*markvissara samtali um markmið og leiðir í loftslagsmálum og að virkja bakland fulltrúa í ráðinu. . . .*

*Loftslagsráð vill veita sterkara aðhald, vera beittara í þrýstingi á stjórnvöld og kalla fulltrúa stjórnvalda fyrir ráðið til að heyra þeirra sýn og krefja þá svara um m.a. vænt áhrif aðgerða í loftslagsmálum. Loftslagsráð mun tala skýrt, vera afdráttarlaust í málflutningi sínum, tala um framtíðina, lausnir og jákvæða þýðingu fyrir samfélagið. Lögð verður áhersla á heildarsamhengið, ekki bara gagnvart Íslandi. Markmiðið er að auka skilning, þekkingu og staðfestu almennings í loftslagsmálum.*

### **Starfsvettvangur**

Starf Loftslagsráðs fer fram á reglubundnum fundum ráðsins, vinnufundum þess, í framkvæmdaráði og á samstarfsvettvangi aðila utan ráðsins. Miðað við fundargerðir hefur ráðið fundað að jafnaði mánaðarlega, utan júlí, fyrsti fundur þess á nýju starfsári er í ágúst og sá síðasti í júní. Skv. starfsreglum ráðsins getur ráðið ákveðið að skipa fulltrúa í undirhópa til undirbúnings þeim verkefnum sem ráðið vinnur að á hverjum tíma. Haldnir eru einn eða fleiri vinnufundir á ári. Í framkvæmdaráði sitja formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri (frá ársbyrjun 2023, starfsmaður ráðsins bar önnur starfsheiti fyrir þann tíma). Undirbúningur funda og umsjón með starfsemi ráðsins er í höndum framkvæmdaráðs. Starf utan ráðsins felst m.a. í reglubundnum fundum með umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu, fundum með verktökum vegna sameiginlegra greininga, þátttöku í innlendum og alþjóðlegum fundum og ráðstefnum o.s.frv. Skv. starfsreglum ráðsins sér formaður þess, eða í umboði hans starfsmaður þess, um samskipti við opinbera aðila, svo sem ráðuneyti og stofnanir. Formaður er talsmaður ráðsins og varaformaður í forföllum hans.

Utan fyrsta starfsársins hafa verið unnar starfsáætlanir að hausti fyrir komandi starfsár í samræmi við áherslur ráðsins hverju sinni sem taka mið af því sem er í brennidepli í loftslagsmálum innanlands og utan. Haldnir hafa verið vinnufundir til að móta starfsáætlunina. Í lok hvers starfsárs er unnin samantekt yfir starf ráðsins (ársskýrslur).

Ráðið heldur úti heimasíðu þar sem fram koma margvíslegar upplýsingar um starfsemi þess. Þar má finna álit- og greinargerðir sem það hefur látið vinna. Einnig er þar að finna starfsáætlanir og fundargerðir ásamt upplýsingum um meðlimi ráðsins, fréttir um það sem er í deiglu og slóðir á vefsíður um loftslagsmál.

### **Yfirlit yfir starfsemi 2018-2022**

#### *Starfsemi 2018-2019*

Loftslagsráð hefur verið skipað tvisvar, fyrst í maí 2018 og síðan í september 2019. Fyrri loftslagsráðið kom fyrst saman í júní 2018 og síðasti fundur þess var í sama mánuði 2019. Ráðið fundaði alls tólf sinnum á starfsárinu. Ekki ljóst af fundargerðum hve lengi fundir stóðu en líklegt er að þeir hafi tekið um tvær til þrjár klukkustundir að jafnaði.

Á fyrsta fundi ávarpaði umhverfis- og auðlindaráðherra ráðið. Í ávarpi ráðherra kom m.a. eftirfarandi fram um hlutverk ráðsins:<sup>30</sup>

*Hlutverk ráðsins er að rýna verk stjórnvalda í loftslagsmálum og veita þeim ráðgjöf auk þess að vera ráðgefandi til almennings. Stjórnsýsla í loftslagsmálum er almennt séð dreifð og aðrar stofnanir, sem hafa sinnt þessum málum lítið, eiga að fá aukið hlutverk. Skoða megi fyrirmyndir erlendis og taka á móti ábendingum um gott fyrirkomulag þessara mála.*

<sup>30</sup> Fundargerð 20. júní 2018. Á vefsíðu Loftslagsráðs. Slóð: <https://loftslagsrad.is/um-radid/fundargerdir/>.

Miðað við fundargerðir fyrsta starfsársins (júní 2018 til júní 2019) voru meginviðfangsefni ráðsins eftirfarandi:

1. Framtíðarfyrirkomulag stjórnarsýslu loftslagsmála. Úttektin var unnin af sérfræðingi. Viðfangsefnið var rætt á nokkrum fundum ráðsins og að lokum var lögð fram til ráðherra formleg álitsgerð um æskilegt framtíðarfyrirkomulag.
2. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 til 2030. Í samræmi við lögbundið hlutverk var áætlunin rýnd á nokkrum fundum ráðsins. Drög að álitsgerð lágu fyrir í febrúar 2019 en ráðið skilaði formlegri álitsgerð mánuði síðar.
3. Upplýsinga- og umræðufundir með ráðherra, embættismönnum ráðuneytisins og stofnunum þess. Sérstaklega voru upplýsingafundir með þessum aðilum áberandi á fyrstu mánuðunum þar sem m.a. voru ræddar þær upplýsingar sem þessir aðilar höfðu aðgang að um stöðu loftslagsmála, þar á meðal nýjar úttektir.
4. Ráðið hélt málþing og kynningarfundir, m.a. um aðlögun að veðurfarsbreytingum.

Af fundargerðum má sjá að það tók einstaka meðlimi ráðsins nokkurn tíma að átta sig á viðfangsefnum ráðsins og eigin hlutverkum. Á fundi í júní 2019, þar sem farið var yfir starfsárið, kom fram hjá fundarmönnum að mikil vinna felist í að sitja í ráðinu, bæði vegna undirbúnings og við að kynna sér gögn sem lögð voru fyrir fundinn. Eins hafi fundirnir sjálfir verið langir. Fram kemur hjá fundarmönnum að miklu skipti að ráðið hafi svigrúm til að láta vinna sjálfstæðar greiningar. Það var mat fundarmanna að það hafi tekist að hafa álitsgerðir og annað efni sem komið hafi frá ráðinu vandað og upplýsandi.

#### *Starfsemi 2019-2020<sup>31</sup>*

Á starfsárinu voru haldnir þrettán fundir, frá hausti 2019 til vors 2020 auk þriggja aukafunda. Unnið var m.a. að eftirfarandi viðfangsefnum:

1. Ráðið rýndi í endurskoðaða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030, m.a. á aukafundi og skilaði síðan áliti til ráðuneytisins.
2. Að frumkvæði ráðsins vann ráðið samantekt um kolefnishlutleysi sem hugtak og hvernig það er notað bæði í vísindum og við setningu markmiða í loftslagsmálum.
3. Ráðherra fékk ráðgjafafyrirtæki til að taka saman yfirlit um kolefnisjöfnun á Íslandi. Loftslagsráðið fór yfir niðurstöður fyrirtækisins og boðaði til samráðsfunda með þeim aðilum sem að málinu koma.
4. Ráðið hafði frumkvæði að því að fá sérfræðing til að vinna umræðuskjal um aðlögun sem yrði til umfjöllunar á ráðstefnu ráðsins í maí 2019. Vegna COVID var ráðstefnunni frestað.
5. Loftslagsráð skoðaði leiðir til að hafa áhrif á umræðu um loftslagsmál. Ráðgjafafyrirtæki stýrði þeirri vinnu og mótaði svokallaða samskiptastefnu ráðsins. Afrakstur þeirrar vinnu var m.a. vefsíða ráðsins. Lögð var áhersla á að ráðið aðskildi sig frá Stjórnarráðinu í upplýsingamálum.
6. Ráðið lét gera úttekt á stjórnskipulagi loftslagsmála m.a. til að efla getu stjórnkerfisins til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ráðgjafafyrirtæki var fengið til að halda utan um þessa vinnu.
7. Loftslagsráð ákvað fá ráðgjafa til að taka saman yfirlit yfir hagræn stjórn tæki á Íslandi í loftslagsmálum.

<sup>31</sup> Skv. yfirliti yfir störf Loftslagsráðs 2019-2020 dagsettu 10. júní 2020. Á vefsíðu ráðsins: <https://loftslagsrad.is/um-radid/starfsaaetlun/>.

*Starfsemi 2020-2021<sup>32</sup>*

Fundir Loftslagsráðs á starfsárinu 2020-2021 voru fimmtán talsins. Eftirfarandi eru dæmi um verkefni ráðsins á tímabilinu:

1. Ráðið lagði fram álit í október 2020 um ábyrga kolefnisjöfnun, þar sem m.a. kemur fram að bregðast þurfi við þeim göllum á núverandi fyrirkomulagi sem komið hefur fram í greiningum sem ráðið hefur látið vinna.
2. Loftslagsráðs tók þátt í samstarfi við Háskóla Íslands um kortlagningu á loftslagstengdri vísindaráðgjöf. Leitað var eftir upplýsingum frá þeim sem tengjast vísindaráðgjöf á Íslandi. Einnig var gerð samantekt á rannsóknum og vöktun á losun gróðurhúsategunda. Samantektin var unnin fyrir ráðið af ráðgjafafyrirtæki.
3. Margvíslegir viðburðir voru haldnir, málþing, vinnustofur og ráðstefnur í samstarfi við ýmsa aðila.
4. Opnaður var vefur ráðsins um mitt ár 2020 og starfsreglur samþykktar um haustið.

*Starfsemi 2021-2022<sup>33</sup>*

Á starfsárinu voru haldnir fimmtán fundir. Unnið var m.a. að eftirfarandi verkefnum:

1. Ráðið gaf út álitgerð og rýndi stöðuskýrslu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.
2. Önnur álitgerð var unnin vegna athugasemda um að aðgerðir væru ekki í samræmi við viðvaranir milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC).
3. VSÓ vann samantekt um losun gróðurhúsalofttegunda frá landi í samstarfi við Loftslagsráð. Greint var hvernig rannsóknir og vöktun á losun frá landi hér á landi mæta alþjóðlegum kröfum um losunarbókhald.
4. Greinargerð var unnin um hvaða hlutar ríkisfjármála skipta mestu fyrir loftslagsmál, þar á meðal um kolefnisgjald og tekjur af uppboði losunarheimila o.fl.
5. Teknar voru saman upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda í millilandasamgöngum og og fundir haldnir með hagsmunaaðilum og sérfræðingum á því sviði.
6. Í tengslum við COP26 tók ráðið þátt í opinberri umræðu um loftslagsmál, m.a. í fjölmiðlum, svo og vegna matsskýrslna milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC) um loftslagsmál.
7. Haldið var áfram að byggja upp vef ráðsins sem er lykiltæki þess til upplýsingamiðlunar þar sem reglulega eru sendar út fréttir sem snúa að loftslagsmálum, bæði erlendis og innanlands.
8. Loftslagsráð varð stofnaðili að alþjóðlegu neti loftslagsráða sem sett var á laggirnar í nóvember 2021.

*Breytingar á stjórnsýslu loftslagsmála á starfstíma ráðsins*

Vísbendingar um áhrif Loftslagsráðs er að finna í yfirliti yfir störf þess starfsárið 2020-2021 þar sem bent er m.a. á eftirfarandi breytingar sem gerðar hafa verið í málaflokknum á starfstíma þess.<sup>34</sup> Nefna megi tilvik þar sem vísað er beint í álit og umsagnir ráðsins sem rökstuðning við breytingarnar.

<sup>32</sup> Skv. yfirliti yfir störf Loftslagsráðs 2020-2021 dagsettu 7. júlí 2021. Á vefsíðu ráðsins: <https://loftslagsrad.is/um-radid/starfsaaetlun/>.

<sup>33</sup> Skv. yfirliti yfir störf Loftslagsráðs 2021-2022 dagsettu 30. júní 2022. Á vefsíðu ráðsins: <https://loftslagsrad.is/um-radid/starfsaaetlun/>.

<sup>34</sup> Yfirlit yfir störf Loftslagsráðs 2020-2021 dagsett 7. júlí 2021, bls. 4. Á vefsíðu ráðsins: <https://loftslagsrad.is/um-radid/starfsaaetlun/>

1. Nýtt skipurit í umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu tók gildi 1. júní 2020, þar á meðal var sett á fót ný skrifstofa loftslagsmála.<sup>35</sup>
2. Ráðherranefnd um loftslagsmál var stofnuð 2020 til að efla samráð og samhæfingu meðal ráðuneyta í loftslagsmálum. Í tengslum við starf ráðherranefndarinnar hafa ráðuneytisstjórar viðkomandi ráðuneyta fundað um undirbúning mála.
3. Breytingar á lögum um loftslagsmál í júlí 2020 þar sem m.a. er kveðið á um samstarf Íslands, Noregs og Evrópusambandsins um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2030.
4. Starfshópur um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum var skipaður í desember 2020 en hópnun var m.a. ætlað að horfa til skýrslu ráðsins „Að búa sig undir breyttan heim“.
5. Skrifstofa loftslagsþjónustu og aðlögunar var stofnuð á Veðurstofu Íslands. Bent er á að skrifstofunni sé ætlað að vera mikilvægur vettvangur til að styðja við stefnu stjórnvalda um aðlögun vegna loftslagsbreytinga.
6. Vorið 2021 var markmið um kolefnishlutleysi 2040 lögfest á Alþingi.

### Álits- og greinargerðir: Samantekt

Hér að neðan eru dregnar saman helstu álits- og greinargerðir sem unnar hafa verið á vegum Loftslagsráðs á starfstímabilinu skv. vefsíðu ráðsins.

Tafla 3. Álits- og greinargerðir Loftslagsráðs

Starfsár	Heiti álitsgerða	Heiti greinargerða
2018-2019 (júní til júní)*	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öflug stjórnýsla í loftslagsmálum, desember 2018</li> <li>• Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030, mars 2019</li> <li>• Uppbygging stjórnýslu í loftslagsmálum, júní 2019</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samantekt — Vinnustofa um aðlögun að loftslagsbreytingum, maí 2019</li> </ul>
2019-2020 (ágúst til júní)	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rýni Loftslagsráðs á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, apríl 2020</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umræðuplagg — Aðlögun að loftslagsbreytingum, janúar 2020</li> <li>• Umræðuplagg — Innviðir kolefnisjöfnunar á Íslandi, janúar 2020</li> <li>• Samantekt um kolefnishlutleysi, apríl 2020</li> <li>• Úttekt á framtíðarfyrirkomulagi stjórnýslu loftslagsmála, júní 2020</li> </ul>
2020-2021 (ágúst til júní)	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umsógn um tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026, janúar 2021</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekking í þágu loftslagsmála, júlí 2021</li> </ul>
2021-2022 (ágúst til júní)	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rýni á stöðuskýrslu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, desember 2021</li> <li>• Loftslagsaðgerðir ekki í samræmi við viðvaranir milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC), júní 2022</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Losun gróðurhúsalofttegunda frá landi - samantekt á rannsóknum og vöktun, desember 2021</li> <li>• Minnisblað um uppboðstekjur losunarheimilda, mars 2022</li> <li>• Opinber fjármál og loftslagsmál, júní 2022</li> </ul>

\*Fyrsti fundur nýstofnaðs ráðs var í júní 2019.

<sup>35</sup> Þess má geta að gerðar voru aftur breytingar á skipulagi ráðuneytisins í desember 2022 en þær miða að því að styðja við áherslumál stjórnvalda m.a. á sviði loftslagsmála. Sjá frétt á vefsíðu ráðuneytisins 20. desember 2022. Slóð: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/12/20/Nytt-skipurit-umhverfis-orku-og-loftslagsraduneytisins/>.

### *Rekstur og starfsmannahald*

Stuðningur við starf ráðsins af hendi ráðuneytis var takmarkaður í upphafi en hefur aukist samhlíða því að virðisaukinn af störfum þess hefur komið í ljós. Fyrsta heila árið sem Loftslagsráð starfaði á grunni nýrra laga, 2020, nam fjárveiting 30,1 m.kr. Óveruleg hækkun varð síðan 2021 og 2022 en fjárlög fyrir 2023 gera ráð fyrir mikilli hækkun, fjárveitingin verður þá 56,1 m.kr.

Fyrsti starfsmaður Loftslagsráðs kom til starfa í hálfu starf í upphafi árs 2019 en sá starfsmaður var jafnframt í hálfu starfi í ráðuneytinu. Ráðið var í fullt starf í byrjun maí 2020. Frá 1. júlí 2022 til 1. janúar 2023 var enginn starfsmaður á skrifstofu Loftslagsráðs. Á þessu tímabili sinnti formaður nauðsynlegum störfum m.a. undirbúningi funda. Í lok árs 2022 var ráðið í starf framkvæmdastjóra Loftslagsráðs og hóf hann störf í byrjun árs 2023. Formaður og varaformaður hafa fengið þóknagreiðslur fyrir störf sín samkvæmt tímaskráningu. Aðrir meðlimir ráðsins fá ekki greiðslur fyrir fundarsetu heldur er gert ráð fyrir að þeir aðilar sem tilnefna fulltrúann beri kostnað af störfum þeirra fyrir Loftslagsráð. Fulltrúi ungs fólks í ráðinu er hér undantekning enda er hann skipaður af ráðherra án tilnefningar. Eins og yfirlitið yfir störf ráðsins sýna er algengt að semja við utanaðkomandi sérfræðinga um greiningar og aðra tímafreka sérfræðivinnu.

Fram að vori 2022 var skrifstofa ráðsins í húsnæði Þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins en þá var hún flutt í húsnæði Umhverfisstofnunar þar sem framkvæmdastjóri og formaður hafa aðstöðu og aðgang að fundaraðstöðu. Frá stofnun, 2018, starfaði Loftslagsráð undir kennitölu ráðuneytisins og fjárveitingar til þess voru bókaðar á fleiri en einn fjárlagalið. Í upphafi árs 2023 voru gerðar þær breytingar að rekstur Loftslagsráðs var færður á eigin kennitölu. Með þessum breytingum er sjálfstæði ráðsins undirstrikað.

## 4. Niðurstöður

Starfsemi Loftslagsráðs hefur verið umfangsmikil allt frá stofnun þess 2018. Á fyrstu misserum ráðsins var lögð áhersla á greiningar og tillögugerð sem beindust að stjórnýslu loftslagsmála. Í kjölfarið voru gerðar breytingar í samræmi við ábendingar ráðsins. Loftslagsráð hefur unnið að álitserðum sem sérstaklega hafa fjallað um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og endurskoðun hennar. Í þessum álitserðum hafa komið fram skýrar athugasemdir við aðgerðir stjórnvalda. Jafnframt hafa verið gerðar margvíslegar greiningar á einstökum sérsviðum málaflokksins. Ráðið hefur tekið virkan þátt í opinberri umræðu, m.a. haft frumkvæði að málþingum og ráðstefnum ásamt samstarfsaðilum.

Þrátt fyrir þennan augljósa árangur er engu að síður tilefni til endurskoðunar á regluumgjörð ráðsins þegar hún er borin saman við fyrirkomulag vel starfandi loftslagsráða sem lýst er hér að framan. Auðsýnt er að umfang aðgerða stjórnvalda mun vaxa verulega á næstum árum. Til að auka líkur á að þessar aðgerðir skili tilætluðum árangri þarf að skapa forsendur til að efla starf Loftslagsráðs, m.a. með endurskoðuðu regluverki.

### 4.1. Lagaumgjörð

Við samanburð á regluverki erlendra loftslagsráða má sjá að lög nr. 70/2012 með síðari breytingum eru að nokkru frábrugðin þeim hvað varðar hlutverk og verkefni. Í íslensku lögunum er t.d. ekki að finna ákvæði um að stjórnvöldum beri að leita álit Loftslagsráðs við undirbúning ákvarðana í málaflokknum. Reglugerð hefur ekki verið sett, eins og lög gera ráð fyrir, en líklegt er að starfsreglur ráðsins geti komið í stað hennar, sérstaklega með hliðsjón af sjálfstæði ráðsins.

### 4.2. Hlutverk og verkefni

Við greiningu á viðfangsefnum Loftslagsráðs er gagnlegt að aðskilja hlutverk og verkefni. Skv. skilgreiningu framar í skýrslunni vísar hlutverk til tilgangs og ábyrgðar en verkefni felur í sér lýsingu á því hvernig því hlutverki er sinnt.

#### *Meginhlutverk ráðsins*

Í 5. gr. b. laga nr. 70/2012 með síðari breytingum um loftslagsmál segir að starfrækja skuli loftslagsráð sem hafi að meginhlutverki að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum. Nokkuð skortir á að hlutverkalýsingin endurspegli meginviðfangsefni þeirra loftslagsráða sem hér eru til samanburðar. Það felst í að meta valkosti við undirbúning stefnumarkandi aðgerða stjórnvalda og fylgjast með framgangi þessara aðgerða með sérhæfðum greiningum, jafnframt að upplýsa stjórnvöld og löggjafarþing um niðurstöður með opinberum álitserðum. Þótt skorta kunni á hlutverkalýsinguna hefur starf Loftslagsráðs og afurðir engu að síður verið í ágætu samræmi við þessi meginviðfangefni eins og sjá má á álitserðum og greinargerðum ráðsins.

Íslensk stjórnvöld virðast hafa gert ráð fyrir að hlutverk Loftslagsráðs yrði víðfeðmara en það hefur orðið í reynd. Í greinargerð með frumvarpi um breytingar á lögum um loftslagsmál frá árinu 2019 segir að upptalning á verkefnum í 5. gr. útiloki ekki að ráðinu verði falin önnur verkefni. Þetta er tilgreint í lokalið greinarinnar þar sem segir að ráðið vinni að „öðrum verkefnum sem ráðherra felur ráðinu hverju sinni.“ Samsetning ráðsins, þar sem stór hluti meðlima er tilnefndur af aðilum úr ýmsum geirum samfélagsins, gefur til kynna að hlutverk þess sé að vera samstarfsvettvangur þessara aðila. Þetta virðist einnig hafa verið skilningur ráðsins sjálfs en í starfsreglum þess segir að ráðið leggi áherslu á að „tengja saman reynsluheima ólíkra hagsmunaaðila“ og „virkja umræðu í baklandi fulltrúa

í ráðinu.“ Það sé „samræðuvettvangur þar sem fulltrúar ólíkra sjónarmiða leita samstöðu um grundvallaratriði og sameiginlega hagsmuni.“ Sjaldgæft er meðal samanburðarráðanna að ráðunum sé ætlað skv. lögum frumkvæði að samræðuvettvangi hagsmunaaðila. Þrátt fyrir þetta kemur fram í alþjóðlegu skýrslunum sem hér er vísað til að varanlegur samráðsvettvangur sé nauðsynlegur. Algengast er hins vegar að hann snúi ekki með beinum hætti að starfi loftslagsráðs. Undantekning virðist vera danska loftslagsráðið.

Í d-lið 5. gr. b. í lögnum segir að ráðinu sé ætlað að hafa yfirsýn yfir miðlun fræðslu og upplýsinga um loftslagsmál til almennings, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir víðtækara fræðsluhlutverki en því var breytt í meðförum þingsins þar sem ljóst var að aðrir aðilar hefðu unnið að þessu verkefni um árabíl. Ráðið hefur sinnt þessu hlutverki með því að birta margvíslegt upplýsingaefni á vef sínum um það sem efst er á baugi í loftslagsmálum og með þátttöku í opinberri umræðu. Ráðið hefur haft frumkvæði að margvíslegum viðburðum í samvinnu við stofnanir og samtök. Formaður ráðsins hefur tekið virkan þátt í opinberri umræðu um loftslagsmál.

Erlendis er fremur sjaldgæft að loftslagsráð hafi umfangsmikið hlutverk á sviði fræðslu og annarrar upplýsingamiðlunar, en sé svo, felst sú miðlun aðallega í að taka þátt í umræðu um loftslagsbreytingar á sérfræðigrundvelli og á grunni þeirra álita sem ráðin hafa birt opinberlega. Algengt er að nota sérstakan upplýsingavef í þessum tilgangi eins og Loftslagsráð gerir.

### **Verkefni Loftslagsráðs**

Nokkuð vantar upp á að þau verkefni sem talin eru upp í 5. gr. b. í lögnum séu nægjanlega vel afmörkuð. Bæði meðal annarra innlendra ráðgjafarráða í íslenskri stjórnslu og þeirra erlendu loftslagsráða sem hér eru til samanburðar má finna hnitmiðaða lýsingu á verkefnum sem horfa mætti til. Hér má nefna tvö dæmi um innlend ráðgjafarráð. Í lögum nr. 69/2015 um byggðaaætlan og sóknaráætlanir segir að byggðamálaráð geri tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaaætlan og fimm ára aðgerðaaætlan. Fjármálaráð sem starfar skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 skal leggja mat á hvort fjármálastefna og fjármálaáætlun fylgi þeim grunngildum sem talin eru upp í lögnum. Það skal leggja fram álitssgerð ekki síðar en tveimur vikum eftir að tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu eða fjármálaáætlun hefur verið lögð fram á Alþingi.

### **4.3. Skipan ráðsins**

Loftslagsráð sem samstarfsvettvangur er ekki í samræmi við fyrirkomulag þeirra loftslagsráða sem hér er horft til. Ef ráðið verður gert að vísinda- og sérfræðiráði þarf að huga að skipan ráðsins. Samanburðarráðin eru skipuð akademískum starfsmönnum og að hluta sérfræðingum utan háskólastofnana. Sum þeirra eru eingöngu skipuð starfsmönnum háskólastofnana. Með hliðsjón af smæð íslenska háskólasamfélagsins og þeirri staðreynd að vísindamenn og aðrir sérfræðingar sinna gjarnan rannsóknum og þróunarstarfi utan háskóla er óvíst hvort skynsamlegt sé að binda skipun við akademísk störf innan háskólastofnana. Hér má nefna að hjá Veðurstofu Íslands hafa lengi verið stundaðar rannsóknir á sviði loftslagsmála. Meðal einkafyrirtækja er unnið að margvíslegri nýsköpun í loftslagsmálum svo dæmi sé tekið. Samtök á sviði umhverfismála og náttúruverndar búa yfir sérþekkingu sem ekki er að finna annars staðar.

Hér að framan hafa verið nefndar nokkrar leiðir við skipun í loftslagsráð. Hér má sérstaklega nefna tvær leiðir. Fyrri leiðin er að sérstök valnefnd leggi fram tillögu til ráðherra um nýja meðlimi í ráðið á grunni hæfnisskilyrða og forsendna um rétta samsetningu ráðsins og sú seinni er að ráðið endurnýi sig sjálf, þ.e.a.s. ráðið tilnefni eftirmenn sína, sem ráðherra skipar síðan. Til þess þarf þarf að setja þá reglu að einungis hluti ráðsins sé endurnýjaður á sama tíma. Við val í ráðið þurfa að liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar um hvar sérfræðinga á einstökum sviðum loftslagsmála er að finna. Með því



er reynt að tryggja að ávallt veljist í ráðið fremstu sérfræðingar á ólíkum þekkingarsviðum loftslagsmála. Skipunartími Loftslagsráðs, fjögur ár, er í samræmi við það sem algengt er annars staðar en fimm ára skipun er einnig algeng. Ekki er kveðið á um hámarksskipunartíma í lögum um loftslagsmál hér á landi en meðal samanburðarráðanna er það ætíð gert, oftast er heimil ein endurskipun.

Fjöldi meðlima í Loftslagsráði er ekki tilgreindur í lögum. Í ráðinu eru nú fimmtán fulltrúar. Þetta er fremur fjölmennt ráð í samanburði við erlendu loftslagsráðin en fjöldi meðlima í þeim er þó afar breytilegur. Meðal erlendra loftslagsráða er algengt að tiltaka lágmarks- og hámarksfjölda. Almennt má segja að stjórnarhættir breytist eftir því sem ráð verður fjölmennara og þörfin aukist þá á að færa verkefni að sama skapi til framkvæmdaráðs, sem starfar í umboði ráðsins, og starfsmanna á skrifstofu þess.

#### 4.4. Samhæfing við stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda og aðkoma þings

Stjórnvöldum er ekki skylt skv. lögum að leita til Loftslagsráðs eftir álit. Meðal samanburðarríkjana er það hins vegar algengast. Þá er tilgreint í hvaða málum skylt sé að leita til loftslagsráðs (t.d. við undirbúning aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum), hvert framlag ráðsins skuli vera (svo sem greining, óháð mat á valkostum), hver afurð ráðsins sé (álitsgerð, skýrsla), hvenær álitnið skuli lagt fram (svo sem þremur mánuðum áður en stjórnvöld hyggja á ákvörðun) og hvert álitnið skuli berast (svo sem send forsætisráðherra og þingi og samhliða birt opinberlega). Í samræmi við eftirlitshlutverk þings er í sumum lögum um loftslagsmál gert ráð fyrir að álitsgerð sé lögð fram á þingi samhliða kynningu ráðherra á fyrirhuguðum áætlunum í loftslagsmálum. Einnig er þá gjarnan ákvæði um að ráðherra skuli greina frá hvernig hann hyggst bregðast við álitinu.

#### 4.5. Sjálfstæði ráðsins

Skipulagsleg staða loftslagsráða í Evrópu er fremur flókin og í sumum ríkjum, eins og á Íslandi, óvenjuleg. Þau eru hluti af stjórnsýslu ríkisins en þó óháð. Þetta markast af því hlutverki ráðanna að hafa áhrif á stefnumarkandi mál stjórnvalda en með óháðu sérfræðiálitni. Sjálfstæði er reynt að tryggja með ýmsum hætti, fyrir utan að tiltaka það í lögum, m.a. með skipunaraðferð, heimild ráðsins til að setja sér sjálft starfsreglur og hafa frumkvæði að greiningum. Þau erlendu loftslagsráð sem skoðuð voru hafa mismikið sjálfstæði, svo sem varðandi heimildir til að ráða til sín starfsfólk. Þrátt fyrir að mælt sé með fjárhagslegu sjálfstæði í alþjóðlegu samanburðarskýrslunum er erfitt að sjá hvernig megi tryggja það vegna stjórnskipulegrar stöðu ráðanna þar sem þau byggja rekstur sinn almennt á framlagi á fjárlögum sem samþykkt er af þingi á grunni tillagna frá ráðherra.

Almennt virðist skipulagslegt og rekstrarlegt sjálfstæði Loftslagsráðs vera sambærilegt og samanburðarráðanna. Faglegt starf ráðsins er unnið án aðkomu ráðuneytisins. Það hefur verið verklag hjá ráðinu að kynna niðurstöður fyrir ráðherra áður en þær kæmu út opinberlega. Að öðru leyti hefur ráðherra eða embættismenn hans ekki komið að vinnu ráðsins, svo að vitað sé. Stefnt er að því að auka rekstrarlegt sjálfstæði þess með því að bókhald ráðsins verði skilið frá ráðuneytinu.

Ákvæði í f-lið 5. gr. b. laga um loftslagsmál er hins vegar á skjön við önnur ákvæði laganna um sjálfstæði ráðsins. Þar segir að að eitt verkefna ráðsins sé að vinna að öðrum verkefnum sem ráðherra felur því hverju sinni. Í starfsreglum þess er reynt að bregðast við þessu sérstaka fyrirkomulagi með því að formaður leggi slíka beiðni fyrir ráðið til kynningar berist hún frá ráðherra og ráðið taki síðan ákvörðun um hvort beiðninni er hafnað eða hún samþykkt. Ekki er vitað hvort reynt hefur á þennan lið.

Staða Loftslagsráðs innan málaflokks ráðuneytis umhverfis-, orku- og loftslagsmála er í samræmi við það sem algengt er meðal samanburðarráðanna. Ekki verður séð að breyting á staðsetningu ráðsins í stjórnskipulagi ríkisins tryggi betri samhæfingu en nú er fyrir hendi við aðra opinbera starfsemi sem að loftslagsmálum lýtur.

#### **4.6. Fjármagn og aðrar bjargir**

Fjárveitingar hafa takmarkað möguleika Loftslagsráðs til meiri umsvifa en raun ber vitni en veruleg hækkun á fjárframlögum árið 2023 mun auka rekstrarlegt svigrúm þess. Einn starfsmaður, framkvæmdastjóri, starfar hjá ráðinu í fullu starfi og formaður og varaformaður eru í hlutastörfum. Þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa í Loftslagsráð bera kostnað af störfum fulltrúa sinna. Ráðið semur við verktaka um einstakar greiningar sem venjulega eru unnar í samstarfi við framkvæmdastjóra eða meðlimi ráðsins.

Í starfsreglunum segir að ráðið sjálft geti haft frumkvæði að því að taka upp mál sem samræmast lögbundnu hlutverki þess. Þetta er ákvæði sem finna má víða í reglum erlendra loftslagsráða, eins og fjallað verður um í næsta kafla, en slíkt ákvæði vantar í lög um Loftslagsráð.

## 5. Ábendingar

Ábendingar þær sem hér koma fram byggjast á þeim niðurstöðum sem lýst er hér að framan. Þær snúa flestar að gildandi lagaumgjörð ráðsins.

### Lagaumgjörð

1. *Breyta þarf lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 með síðari breytingum með hliðsjón af breyttum verkefnum Loftslagsráðs*

Lagt er til að 5. gr. b. laganna verði breytt í samræmi við aðrar ábendingar sem fram koma hér að neðan. Fyrir utan breytingar á hlutverkum og skipan ráðsins þarf að tiltaka í hvaða lögbundnu verkefnum ráðherra sé skylt að leita til Loftslagsráðs. Skoða þarf hvort þörf sé á að setja reglugerð um starfsemi ráðsins eða hvort nægjanlegt er að tiltaka í lögunum að ráðið sjálft setji sér starfsreglur til að undirstrika sjálfstæði þess.

2. *Endurskoða þarf lýsingu á hlutverkum og verkefnum Loftslagsráðs í samræmi við fyrirkomulag vel starfandi loftslagsráða í Evrópu*

Gera þarf breytingar á ákvæði um hlutverk og verkefni Loftslagsráðs og færa það nær þeim ráðum hér er horft til sem fyrirmýnda. Meginviðfangsefni þeirra er að meta valkosti við undirbúning stefnumarkandi aðgerða stjórnvalda og fylgjast með því, með sérhæfðum greiningum, hvernig stjórnvöldum tekst að framfylgja aðgerðum og upplýsa jafnframt stjórnvöld og löggjafarþing um niðurstöður sínar með opinberum álitserðum.

### Breyting á skipun ráðsins

3. *Loftslagsráð verði vísinda- og sérfræðiráð í stað samstarfsráðs*

Til að efla hlutverk Loftslagsráðs í þá veru sem ríkisstjórnin hefur í hyggju er lagt til að ráðið verði gert að sérfræðiráði með sérþekkingu á þeim mörgu sviðum sem loftslagsvandinn snýr að. Í ráðinu verði bæði vísindamenn innan háskólasamfélagsins og sérfræðingar utan þess. Ekki er mælt með því að binda skipun við akademísk störf háskólastofnana. Með því væri mikil sérþekking í málaflokknum útilokuð.

4. *Skoða þarf aðferð við skipun; sérstaklega séu tvær leiðir skoðaðar*

Fleiri en ein leið kemur til greina við skipun í Loftslagsráð. Mælt er með því að skoðaðar verði sérstaklega tvær leiðir við skipun: að sérstök valnefnd leggi fram tillögu til ráðherra um nýja meðlimi í ráðið á grunni hæfnisskilyrða og forsendna um rétta samsetningu ráðsins eða að ráðið endurnýi sig sjálf, þ.e.a.s. ráðið tilnefnir eftirmenn sína, sem ráðherra skipar síðan. Ef endurnýja þarf allt ráðið á sama tíma þarf að nota fyrri leiðina.

5. *Við val kandiata sé horft til sem viðtækastrar sérfræðiþekkingar*

Við val í ráðið þurfa að liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar um hvar sérfræðinga á einstökum sviðum loftslagsmála er að finna. Með því er reynt að tryggja að ávallt veljist í ráðið fremstu sérfræðingar á ólíkum þekkingarsviðum loftslagsmála.

6. *Lágmarks- og hámarksfjöldi sé lögbundinn, svo og heimild til endurskipunar*

